

# MOSFELLINGUR

11. TBL. 23. ÁRG. FIMMTUDAGUR 28. NÓVEMBER 2024 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS



Halla Tómasdóttir forseti Íslands afhenti verðlaunin þeim Rósu Ingvarsdóttur skólustjóra og Málfríði Bjarnadóttur deildarstjóra sem hefur verið helsti hvatamaður verkefnisins.

Nýsköpunarverkefnið Snjallræði • Nemendur þjálfast í skapandi og gagnrýnni hugsun

## Helgafellsskóli hlaut Íslensku menntaverðlaunin

Helgafellsskóli hlaut á dögunum Íslensku menntaverðlaunin fyrir framúrskarandi þróunarverkefni.

Verkefnið er nýsköpunarverkefni sem ber heitið Snjallræði og nær frá leikskólastigi upp á unglingastig. Markmið verkefnisins er að nemendur þjálfast í skapandi og gagnrýnni

hugsun. Verkefnið felst í hönnunarstund þar sem nemendur takast á við raunveruleg samfélagsvandamál og nota til þess ferli hönnunar og hönnunarhugsunar sem reynir á samvinnu, samskipti og að hugsa út fyrir kassann.

Verðlaunin voru afhent á Bessastöðum 5. nóvember.

### EIGN VIKUNNAR

www.fastmos.is



### Lóugata 26 - Nýtt einbýlishús

Glæsilegt 268,7 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr innst í botnlanga við Lóugötu 26 í Mosfellsbæ. Eignin er laus til afhendingar við kaupsamning. Húsið er selt í núverandi ástandi, fullbúið að utan og að innan er húsið svo til tilbúið til innréttinga samkvæmt skilalýsingu seljanda. **V. 179 m.**



Fasteignasala  
Mosfellsbæjar

FYLGSTU  
MEÐ OKKUR  
á Facebook

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080  
Svanþór Einarsson • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is

LED BORÐA - VINNULJÓS  
FRÁBÆR LAUSN!

10, 15 OG 20m - IP65 - 1500 lúmen pr meter.  
Þú bara tekur borðann af rúllunni og stingur í samband

IP65  
VATNSHELT

redder  
Byggingalausnir

Hyrjarhöfða 2  
S. 558 0888  
www.redder.is

ÞÚ FÆRÐ ÓSTEIKT LAUFABRAUÐ HJÁ OKKUR!

MOSFELLSBAKARLIS HÁHOLT 13-15 HÁLETTSBRAUT 58-60



Mosfellingurinn Ásgeir Jónsson formaður Aftureldingar

Tek þetta að mér með  
skýr markmið í huga »32

RÉTTINGAVERKSTÆÐI  
Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbær  
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is  
WWW.JONB.IS



CAB  
CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI  
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR

# VELDU LEI SEI

Vaxtalækkun þann  
20. nóvember 2024

**-0,5%**

Aukning  
ráðstöfunartekna

**190.000**

**-1,5%**

**560**

**-2,5%**

**-3,5%**

**-4**

**D**

# ÞU M VIRKAR

á ári

00 kr.

Hversu mikið lækka  
greiðslur af 40 m.kr.  
láni á ári með lækkandi  
vöxtum?

0.000 kr.

930.000 kr.

1.280.000 kr.

,5%

1.625.000 kr.



**Útgefandi:** Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**

Hilmar Gunnarsson, hilmar@mosfellingur.is

**Ritstjórn:**

Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, annaolof@mosfellingur.is

Ragnar Þór Ólason, raggiola@mosfellingur.is

Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is

**Prentun:** Landsprent. **Upplag:** 5.000 eintök. **Dreifing:** Afturelding.

**Umbrot og hönnun:** Mosfellingur ehf.

**Prófkort:** Ingibjörg Valsdóttir ISSN 2547-8265

Tekið er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.

Mosfellingur kemur út mánaðarlega.

NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT 19. DESEMBER

## Kjósa og njóta aðventu

Kosið verður til Alþingis á laugardaginn. Mosfellingar greiða sín atkvæði í Lágafellsskóla kl. 9-22. Nýtum okkar lýðræðislega rétt!



Á aðventunni verður nóg um að vera í Mosfellsbæ. Á laugardaginn, kjördag, verða ljósin tendruð á jólatrénu á Miðbæjartorginu en á sunnudaginn hefst

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellingur

svo sjálf aðventan. Ásgarður heldur sinn árlega markað 7. desember og jólamarkaður í Hlégarði verður endurtekinn laugardaginn 14. desember eftir mikla þátttöku í fyrra. Aðventuupplestur á Gljúfrasteini á sunnudögum til jóla. Þá verður hægt að fara á tónleika, á jólahlaðborð í Mosó eða sjá jólasöngleik í Bæjarleikhúsinu. Jólaljósin á Hlégarðstúni verða á sínum stað auk þess sem hægt verður að sjá Diddú og drengina á aðventutónleikum í kirkjunni.

Þetta er bara brot af því sem fram undan er. Munum svo að versla í heimabyggð og njóta aðventunnar.



# ÍSFLUGL

www.isflugl.is



## Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU ...

### SALOME OG HATTURINN

Mosfellspósturinn í janúar 1988.

Á forsíðu blaðsins er frétt um að Mosfellingum fjölga langt umfram landsmeðaltal og baráttu Salome Þorkeldsdóttur alþingismanns fyrir götulyngu á Vesturlandsvegi.

Í opnutexta kemur fram að aldrei var tiltekið úr hvaða efni hatturinn ætti að vera en hann smakkaðist ljómandi vel enda úr marsipan og súkkulaði.

Heimild: Mosfellspósturinn.

Ljósmynd: J. Reykdal

Mosfellsbær:  
**Níundi stærsti bærinn**  
– fjölgun langt yfir landsmeðaltali

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands þá var íbúatala Mosfellsbæjar í árslok 3.892 manns og þar með er Mosfellsbær orðinn níundi stærsti bær landsins. Við höfum skotið Seltjarnarnesi ref fyrir

rass, því í dag erum við 43 íbúum fleiri, en skorti 3 til að ná þeim í íbúatölu á síðasta ári. Fjölgun íbúa í Mosfellsbæ var 3,2% á síðasta ári sem er langt yfir landsmeðaltali sem mun hafa verið í kringum 1,5%.

**Salome stóð við sitt**

Baráttan fyrir því að fá götulyngu á Vesturlandsveginn hefur staðið um langan tíma. Þar hefur Salome Þorkeldsdóttir alþingismaður verið fremst í flokki. Hafði hún heitið því að eta hatt sinn ef lýsing væri ekki komin alla leið frá Grafarholti að Hlíðartúni fyrir áramót. Ekki varð sú raunin á og þá sýndi Salome að stjórnmálamenn geta staðið við loforð sin og át hatt sinn.

- sjá opnu



Umsjón: Birgir D. Sveinsson (birgird@simnet.is)



### HÉÐAN OG ÞAÐAN

Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?



# Aðventutónleikar

## Diddúar og drengjanna

Lágafellskirkja fimmtudaginn 19. desember kl. 20

Hátíðleg og notaleg stund í fallegu umhverfi.

Miðasala í kirkjunni. Aðgangseyrir kr. 3.000 en 1.500 fyrir eldri borgara. Einnig er hægt að taka frá miða á netfanginu diddukeli@simnet.is.



# Fasteignasala Mosfellsbæjar



Svanþór  
Einarsson  
Lögg. fasteignasali



Sigurður  
Gunnarsson  
Lögg. fasteignasali



Theodor Emil  
Karlsson  
Lögg. fasteignasali



Steingrímur  
Benediktsson  
Lögg. fasteignasali



## VEFARASTRÆTI 7-9

Björt og falleg 85,2 m<sup>2</sup> 3ja herbergja endaíbúð með sérinngangi á jarðhæð, ásamt bílastæði í bílageymslu í lyftuhúsi. Eignin er endaíbúð með mikið af gluggum sem gerir hana bjarta og skemmtilega. Afgirt timburverönd í suðurátt.

V. 69,9 m.



## FÁLKAHÖFÐI 7

Mjög fallegt og mikið endurnýjað 148 m<sup>2</sup> endaraðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Tvær timburverandir, bæði fyrir framan og aftan hús. Vinsæl staðsetning í Mosfellsbæ.

V. 134,9 m.



## ASPARLUNDUR 7

Fallegt og rúmgott 207,4 m<sup>2</sup> einbýlishús með innbyggðum bílskúr (í dag nýttur sem aukaíbúð). Eignin er laus til afhendingar við kaupsamning. Frábær staðsetning rétt við Varmá með fallegum gönguleiðum og upp á næstu fjöll.

V. 157 m.



## KVÍSLARTUNGA 70

Fallegt og vel skipulagt 214,7 m<sup>2</sup> 6 herbergja parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr og aukaíbúð. Mikil lofthæð, stórir gluggar og innbyggð lýsing. Hellulögð verönd og bakgarður í suðausturátt með heitum potti.

V. 131,9 m.



## LITLIKRIKI 19

Glæsilegt 300,4 m<sup>2</sup> einbýlishús á pöllum með innbyggðum bílskúr. Fallegar sérsmiðaðar innréttingar og vönduð tæki. Mikil lofthæð með hljóddempandi plötum. Stórt hellulagt bílapan. Fallegur garður með timburverönd í suðurátt með heitum potti.

V. 184,9 m.



## VEFARASTRÆTI 38

Falleg og vel skipulögð 73,7 m<sup>2</sup> 2ja herbergja íbúð á annarri hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Svalir í suðurátt með fallegu útsýni. Frábær staðsetning, stutt frá skóla, almenningsamgöngum og vinsælum útivistarsvæðum.

V. 63,5 m.



## BJARKARHOLT 29

Mjög falleg og vel skipulögð 117,2 m<sup>2</sup> 3ja herbergja endaíbúð með fallegu útsýni á efstu hæð ásamt bílastæði í bílageymslu í lyftuhúsi í miðbæ Mosfellsbæjar. Fallegar innréttingar og gólfefni. Tvennar svalir með svalalokunum.

V. 96,9 m.



## VEFARASTRÆTI 38

Stór og glæsileg 171,8 m<sup>2</sup> 5 herbergja íbúð á efstu hæð og er eina íbúðin á hæðinni, í lyftuhúsi ásamt stæði í lokaðri bílageymslu. Stórar svalir (ca. 25 m<sup>2</sup>) í suðurátt. Mjög fallegt útsýni er frá eigninni.

V. 119,9 m.



## AKURHOLT 15

Stórt og glæsilegt einbýlishús með tveimur íbúðum og tvöföldum bílskúr, alls 391,8 m<sup>2</sup>, á glæsilegri 1.032 m<sup>2</sup> lóð á þessum rólega og veðursæla stað. Aðalíbúðin er á efri hæðinni 152 m<sup>2</sup>, bílskúrinn er 49,9 m<sup>2</sup> og neðri hæðin sem er að hluta niðurgráfin er 189,9 m<sup>2</sup>.

V. 189,0 m.



## FOSSATUNGA 39

Fallegt 165,4 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð á frábærum stað í botnlanga og í nálægð við náttúruna. Glæsileg eign sem býr yfir fjölmörgum möguleikum. Eignin hefur fengið talsverðar endurbætur.

V. 103,9 m.



## HJALLAHLÍÐ 14

29,2 m<sup>2</sup> endabílskúr. Rafdrifinn bílskúrshurðaopnari, málað gólf, geymsluloft og hillur. Innrétting með vaski með heitu og köldu vatni. 2 gluggar eru í skúrnum. ATH. Bílskúrinn selst eingöngu í hús við Hjallahlíð 2-12 (jöfn nr.) og 25-33 (oddanúmer).

V. 12,0 m.



## UGLUGATA 2

Mjög falleg og vel skipulögð 140,2 m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á 2. hæð (efstu) í fjölbýlishúsi. Stórar yfirbyggðar svalir (ca. 16,4 m<sup>2</sup>) í suðvesturátt með fallegu útsýni. Sérgeymsla er í kjallara (skráð 34,7 m<sup>2</sup>) sem hægt væri að nýta sem vinnustofu, tómstundaherbergi, rækt og fl.

V. 95,9 m.



## SUNNUKRIKI 3A

Falleg og björt 2ja herbergja íbúð á fimmtu hæð í lyftuhúsi, með miklu útsýni. Eignin er skráð 68,3 m<sup>2</sup>, þar af íbúð 58,1 m<sup>2</sup> og geymsla 10,2 m<sup>2</sup>. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, svefnherbergi, baðherbergi og sérgeymslu. Frábær staðsetning miðsvæðis í Mosfellsbæ.

V. 59,9 m.



## FOSSATUNGA 1-15

Ný og vel skipulögð raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Mjög stórar svalir með fallegu útsýni. Húsin afhendast fullbúin að innan með grófjafnaðri lóð, en þó er búið að helluleggja fyrir framan inngang.

V. 129,9 m.



## Formaður Kyndils lést á æfingu

Sigurður Kristófer McQuillan Óskarsson lést í slysi við Tungufljót. Sigurður var fæddur árið 1988 og var formaður björgunarsveitarinnar Kyndils en hann lést við straumvatnsbjörgunarsæfingu við Tungufljót þann 3. nóvember. Sigurður hafði komið af miklum krafti inn í starf björgunarsveitarinnar, að sögn féлага hans. Ekki er ýkja langt síðan Sigurður hóf nýliðaðþjálfun hjá björgunarsveitinni Kyndli, eða árið 2020, en hann varð fljótt afar virkur í starfinu. „Þrátt fyrir djúpa sorg munum við alltaf minnst Sigurðar með hlýhug og virðingu. Arfleifð hans lifir áfram í minningum okkar, öllu því góða sem hann gerði og kærleikanum sem hann deildi. Við munum halda áfram að heiðra minningu hans með því að rétta öðrum hjálparhönd, líkt og hann gerði svo oft sjálfur,“ segir í minningarorðum frá félögum úr Kyndli. Sigurður var 36 ára gamall, bjó í Bjarkarholti og létur eftir sig unnustu og foreldra. Útför Sigurðar fór fram mánudaginn 18. nóvember.

## Kosið í Lágafellsskóla á laugardaginn

Kjörskrá vegna alþingiskosninga sem fram fara þann 30. nóvember næstkomandi hefur verið lögð fram, almenníngi til sýnis, í þjónustuveri Mosfellsbæjar að Þverholti 2. Kjörskráin verður aðgengileg fram til kjördags á opnunartíma þjónustuversins. Kjörfundur í Mosfellsbæ vegna alþingiskosninga hefst kl. 9:00 og lýkur kl. 22:00 á laugardaginn, 30. nóvember, og er kjörstaður í Lágafellsskóla. Kjósendur eru á kjörskrá í því sveitarfélagi þar sem þeir eiga skráð lögheimili á viðmiðunardegi þann 29. október 2024. Tíu flokkar eru í framboði í Suðvesturkjördæmi, Kraganum.



Átakið „Börnin okkar“ kynnt • 27 aðgerðir í þágu barna og unglunga í Mosfellsbæ

# Mosfellsbær fjárfestir aukalega 100 milljónum í forvarnir

Mosfellsbær boðaði til samtals og blaðamannafundar á bókasafni Mosfellsbæjar 13. nóvember til að kynna aðgerðir í þágu barna og unglunga í Mosfellsbæ.

Átakið hefur fengið nafnið „Börnin okkar“ og felur í sér aukafjárveitingu upp á 100 milljónir sem verða notaðar í 27 viðbótaraðgerðir.

Átakanu er ætlað að mæta mikilli fjölgun barnaverndarmála en barnaverndartilkynningum hefur fjölgað um 50% á fyrstu 10 mánuðum ársins og var aðgerðaráætlun átakans lögð fram með fjárhagsáætlun í síðastliðinni viku.

## Komist á dagskrá kosningabaráttunnar

Aðgerðirnar 27 byggjast á vinnustofum, fundum og samtölum við unglunga, foreldra og forráðamenn og sérfræðinga sem vinna í þjónustu við börn og ungmenni. Þær munu ná til almennra forvarna, snemmtækrar íhlutunar og styrkingar barnaverndarstarfs og felast meðal annars í því að:

- Auka aðgengi unglunga að sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf.
- Efla stuðningsúrræði í formi ráðgjafar, stuðnings og námskeiða.
- Hækka frístundastyrki.
- Styrkja starf félagsmiðstöðva.
- Auka samstarf, fræðslu og námskeið fyrir foreldra.
- Koma á samskiptasáttmála á milli foreldra og skóla.
- Huga að lýðheilsu barna og ungmenna meðal annars með aukinni opnun íþróttamiðstöðva um helgar.
- Tryggja aðgengi allra hópa að námskeiðum og íþróttum.

Með átakanu vill Mosfellsbær stuðla að því að þessi mál komist á dagskrá kosningabaráttunnar tengt komandi þingkosningum og á dagskrá sveitarfélögunna. Ef öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu legðu hlutfallslega jafn mikið til svona átak þá næmi upphæðin tæplega 2 milljörðum.

## Skorað á fleiri sveitarfélög að fylgja í kjölfarið

„Við teljum að það sé engin ein lausn en við vildum byrja strax og með þeim aðgerðum sem sveitarfélagið hefur yfir að ráða,“ segir



BÆJARFULLTRÚAR OG FRAMBJÓENDUR TIL ALÞINGIS

Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

„Við ætlum að hækka frístundastyrki, vera með reglubundin námskeið fyrir foreldra sem byrja að hausti, ætlum að vinna að gerð samskiptasáttmála í öllum skólunum á milli heimila og skóla, við verðum með lýðheilsuverkefni og opin íþróttahús á kvöldin og um helgar og styrkjum félagsmiðstöðina.

Þetta er bara nokkrar af 27 aðgerðum alls. Nú vonum við að fleiri sveitarfélög fylgi í kjölfarið enda snerta málefni barna okkur öll. Þá þyrfti ríkisvaldið að tryggja betri meðferðarúrræði fyrir börn en nú eru í boði.“

Þátttakendur á fundinum voru m.a. bæjarstjóri, kjörnir fulltrúar í Mosfellsbæ, fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna í Suðvesturkjördæmi, fulltrúar úr ungmennaráði, skólastjórar auk annarra lykilaðila í málefnum barna og unglunga í Mosfellsbæ.

Allir þessir aðilar tóku undir nauðsyn þess að gera meira til að mæta þörfum barna og ungmenna.



## Nýtt tæki kemur sér vel • Greinir ýmis vandamál Hollvinir gefa Reykjalundi nýtt hjartalínuritstæki

Félagar í Hollvinsamtökum Reykjalundar komu færandi hendi á dögunum þegar þeir afhentu Reykjalundi nýtt hjartalínuritstæki.

Hjartalínurit eða hjartarafrit (ECG eða EKG) er skráning á því hvernig rafboð berast um hjartavöðvann. Með hjartalínuritinu má greina margs konar vandamál tengd starfsemi hjartans. Til dæmis má lesa út úr því skert blóðflæði til hjarta, gáttatif, vatn í kringum hjarta og sýkingu í gollurshúsi.

Verðmæti tækisins er rúmlega 1,5 milljón króna og er starfsfólk Reykjalundar gríðarlega þakklátt Hollvinsamtökunum enda mun nýja tækið koma sér mjög vel í starfsemi.

## KIRKJUSTARFIÐ



WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

## HELGIHALD NÆSTU VIKNA

### Sunnudagur 1. desember

Kl. 13–15 Jólablall í Lágafellskirkju. Samvera fyrir alla fjölskylduna. Ratleikur, fönurstöðvar, hvíldarfjánhús og margt fleira. Umsjón með stundinni hafa Andrea Gréta Axelsdóttir, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Petrína Inga Kristjánsdóttir og leiðtogar í kirkjustarfinu. **Alþjóðakaffi** Opíð hús 1. desember kl. 13–15 í safnaðarheimili Lágafellssóknar, fyrir fólk af erlendum uppruna.

**Gaman saman** – samverur eldri borgara í safnaðarheimilinu. 28. nóvember kl. 14–16 – Jólagleði.

Kaffihlaðborð og góður gestur Sigurbjörn Þorkelsson kynnrir bók sína „Kærleikur og friður – lífi lífið“.

### Kyrrðarbænarstundir

Á þriðjudögum frá kl. 17:15–18:30 eru kyrrðarbænarstundir í Lágafellskirkju.

**Jólaþjónir** – 30. nóvember kl. 15:30. Barnakór Lágafellssóknar syngur undir stjórn Valgerðar Jónsdóttur.

**Jólaþjónir** – 5. desember kl. 17:00–21:30 í Skautahöllinni.

### Sunnudagur 8. desember

Kyrrðarbæn og biblíuleg íhugun. Kyrrðardagur að morgni í Lágafellskirkju laugardaginn 8. desember kl. 9–11. Aðventukvöld kl. 20. Prestar kirkjunnar þjóna, Gissur Páll Gissurarson syngur, kirkjukór Lágafellssóknar syngur undir stjórn Árna Heiðars Karlssonar organista. Aðventukaffi í safnaðarheimilinu að messu lokinni.

### Sunnudagur 15. desember

Kl. 20. Íhugunarguðsþjónusta í Lágafellskirkju. Sr. Arndís Linn þjónar. Rögnvaldur Borgþórsson leikur á gítar.

# VIÐ ERUM FRAMSÓKN



## HEILSA EINS, HAGUR ALLRA

- Tryggjum jafnt og tímanlegt aðgengi að heilbrigðisþjónustu óháð efnahag.
- Áframhaldandi fjárfesting í heilbrigði þjóðarinnar.

## GOTT AÐ ELDAST

- Aukum lífsgæði og styðjum við sjálfstæða búsetu, virkni og heilsueflingu eldra fólks.
- Tryggjum aðgengi að nauðsynlegri þjónustu á þeirra forsendum.

## BRÚUM BILIÐ

- Lenging fæðingarorlofs í 18 mánuði

**ÁGÚST BJARNI**

2. SÆTI

**VALA GARÐARS**

3. SÆTI

**WILLUM ÞÓR**

1. SÆTI



Framsókn

xb.is

# Meðferðarheimili fyrir ungmenni opnað á Farsældartúni

Á þriðjudag opnaði Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, meðferðarheimilið Blönduhlíð, sem staðsett er á Farsældartúni í Mosfellsbæ.

Meðferðarheimilið er fyrir ungmenni á aldrinum 13–18 ára sem glíma við hegðunar- og fíknivanda og verður rekið af Barna- og fjölskyldustofu.

Meðferðarheimilinu er ætlað að vera viðbót við greiningar- og meðferðardeild Stuðla. Með því að bæta við öðru meðferðarheimili er unnt að aðgreina betur börn með mismunandi vanda og veita á þann hátt sérhæfðari þjónustu. Áætlað er að börn með þyngri vanda fái áfram greiningu og meðferð á meðferðardeild Stuðla.

## Knjáandi þörf eftir bruna á Stuðlum

Vinna við stofnun meðferðarheimilis hófst seint á síðasta ári þegar þörf var á frekari aðgreiningu milli ungmenna eftir að Stuðlar fóru að taka við börnum í afpláun og gæsluvarðhald. Leigusamningur um húsnæðið var undirritaður í sumar og síðsumars var hafist handa við framkvæmdir á húsnæðinu til þess að það hentaði til þeirrar notkunar sem ætluð var.

Eftir að bruninn varð á Stuðlum í október fækkaði meðferðarplássum á Stuðlum um tvö rými sem voru færð yfir á neyðarvistun Stuðla til bráðabirgða. Allt kapp var þá sett í framkvæmdir á nýja meðferðarheimilinu til að mæta þeim þörfum sem eru knjáandi fyrir börn í viðkvæmri stöðu.

## Eiga rétt á öruggu og hlýju umhverfi

Blönduhlíð er staðsett á Farsældartúni, áður Skálatúni, þar sem unnið er að



ÓLÖF ÁSTA FARESTVEIT, FORSTJÓRI BARNA- OG FJÖLSKYLDUSTOFU OG HENNAR TEYMI



BLÖNDUHLÍÐ

hönnun nýs þjónustukjarna fyrir börn og ungmenni.

Með Farsældartúni er markmiðið að byggja upp miðstöð samstarfs lykilstofnana og félagsamtaka sem starfa í þágu farsældar barna.

„Hvert barn á rétt á öruggu og hlýju umhverfi þar sem það finnur fyrir stuð-



REGÍNA OG ÁSMUNDUR EINAR

ingi og fær þá aðstoð sem það þarf. Með Blönduhlíð sköpum við úrræði sem byggir á fagmennsku, umhyggju og virðingu fyrir þörfum þeirra ungmenna sem þangað koma,” segir Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra.



## Risa jólamarkaður í Hlégarði 14. desember

Laugardaginn 14. desember verður haldinn jólamarkaður í Hlégarði í annað sinn. Um 30 sölubásar verða á svæðinu með ýmsan varning til sölu. Yfirskrift dagsins er „verslum í heimabyggð“ og breytt Hlégarður í sannkallaðan jólagarð. Á staðnum verða t.d. ristaðar möndlur, heitt kakó, jólatré, handverk, listaverk, kynningar og ýmislegt fleira spennandi. Jólaveinar verða á vappi og dagskrá á sviðinu. Þá verða jólaljósín í garðinum á sínum stað en Jólagarðurinn í allri sinni dýrd hefur heldur betur slegið í gegn síðustu ár. Markaðurinn opnar kl. 12 og stendur til kl. 17.

## Saga kvikmyndagerðarkonu komin út

Út er komin bókin Duna: Saga kvikmyndagerðarkonu. Guðný Halldórsdóttir, Duna, er afkastamesta kvikmyndagerðarkona þjóðarinnar.

Eftir hana liggja ástsælar gamanmyndir eins og Stella í orlofi og Karlaórin Hekla en einnig dramatískar myndir á borð við Ungfrúna góðu og Húsið og Veðramót, auk fjölda heimildar-mynda og sjónvarpsþátta. Sögu-konan Duna hefur orðið í þessari bók og fer yfir viðburðaríkan feril í sprenglæglegu en heiðarlegu uppgjöri. Bókin er eftir Guðrúnu Elsu Bragadóttur kvikmyndfræðing og Kristínu Svövu Tómasdóttur, rithöfund og sagnfræðing.



## Grétar á Blik er Meistari meistaranna

Nýverið sigraði Grétar Matthíasson rekstrarstjóri á Blik í alþjóðlegri kokteilakeppni sem haldin var í stærsta spilavíti Evrópu, í Limassol á Kýpur. Grétar sem er margfaldur Íslandsmeistari í kokteilaferð sigraði með kokteilnum Butterfly effect. Sigur Grétars er stór áfangi fyrir íslenska barþjónabransann. Þeir sem vilja bragða á sigurkokteilnum geta skellt sér á Blik og smakkað heimsmeistaradrykkinn. Blik er komið í jólagír og býður upp á sjö rétta jólamatseðil alla daga og jóla-brunch allar helgar fram að jólum. Heyrst hefur að jólasveinninn láti sjá sig og gleðji gesti á ákveðnum tímum í aðdraganda jólanna.

## Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar • Áætlaður rekstrarafgangur 716 milljónir

# Fjárhagsáætlun endurspeglar hátt fjárfestingarstig

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 endurspeglar hátt fjárfestingarstig og forgangsröðun í þágu barna og unglinga. Fyrri umræða bæjarstjórnar um áætlunina fór fram 6. nóvember.

„Við erum sveitarfélag í örur vexti sem krefst mikillar innviðauppbýggingar og er fjárfestingarstig með því hæsta í sögu sveitarfélagsins,” segir Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri. „Þar erum við fyrst og fremst að fjárfesta í skólum og íþróttamannvirkjum enda börn og ungmenni mikið áherslumál hjá okkur. Þrátt fyrir afar krefjandi efnahagsumhverfi þá stefnum við að því að skila 716 milljóna króna rekstrarafgangi.“

## Áhersla á börn og unglinga

Fjárfestingar ársins 2025 endurspeglar þá miklu uppbýggingu sem er í bæjarfélaginu, auk þess sem áhersla er á viðhald eigna, sérstaklega í skólum og íþróttamannvirkjum.

Fjárfestingar í stofnunum bæjarins eru áætlaðar um 3 milljarðar króna. Fjárfestingar í gatnagerð og veitnakerfi eru áætlaðar um 2 milljarðar króna.

Nýr leikskóli verður tekinn í notkun í Helgafellshverfi á árinu og er hann ein stærsta einstaka fjárfestingin árið 2025, eða um 830 m.kr.

Uppbýgging Varmárvæðis vegna endurnýjunar á aðalvelli, framkvæmdir við nýja frjálsíþróttabraut og hönnun á nýrri þjónustu- og aðkomubýggingu og stúku nemur um 800 milljónum króna.

Þá verður nýtt íþróttahús tekið í notkun við Helgafellsskóla og nýtt húsnæði verður



keypt fyrir skammtímavistun fyrir fötluð börn.

Þá er lögð mikil áhersla á viðhald eigna í íþróttamannvirkjum og skólabyggingum, auk endurnýjunar á skólalöðum.

Stærstu verkefnið í veitum og gatnagerð tengjast nýju atvinnusvæði, Korputúni, en auk þess er mikil áhersla lögð á endurnýjun lagna og gatnakerfis í eldri hverfum.

Lægstu leikskólajöldin á höfuðborgarsvæðinu eru í Mosfellsbæ og er gert ráð fyrir að gjaldskrár sem varða þjónustu við börn hækki einungis um 3,5%, þ.e. í samræmi við markmið kjarasamninganna 2024.

Þá var jafnframt lögð fram í bæjarstjórn aðgerðaráætlun í málefnum barna og ungmenna vegna fjölgunar barnaverndartil- kynninga.

» Heildartekjur eru áætlaðar 22.995 m.kr. og þar af eru áætlaðar útsvarstekjur 12.179 m.kr.

» Tekjur af byggingarrétti eru áætlaðar 514 m.kr.

» Áætlað er að framkvæma í A-hluta fyrir 4.039 m.kr. og fyrir 1.340 m.kr. í B-hluta. Tekjur af gatnagerð eru 1.295 m.kr. og samtals er því kostnaður vegna framkvæmda A- og B-hluta 4.084 m.kr.

» Afgangur verður af rekstri A- og B-hluta, 716 m.kr., þrátt fyrir hátt fjárfestingarstig.

» Veltufé frá rekstri verður jákvætt um 1.982 m.kr., þ.e. um 9% af heildartekjum.

» Álagningarhlutfall fasteignaskatts A hækkar úr 0,19% í 0,20%. Aðrar álagningarprósentur fasteignaskatts verða óbreyttar.

» Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall útsvars verði óbreytt, þ.e. 14,97%, í samræmi við lögbundna heimild sveitarfélaga.

» Hækkun á gjaldskrár sem varða börn verður 3,5% en aðrar gjaldskrár hækka almennt um 3,9%.

» Áætluð íbúafjöldun er 2% og gert er ráð fyrir að íbúar verði 13.789 í byrjun árs 2025.



# TVÆR GOÐSAGNIR

**4xe**  
PLUG-IN HYBRID



## JEEP® GRAND CHEROKEE SUMMIT RESERVE GOÐSÖGNIN ENDURFÆÐIST SEM PLUG-IN HYBRID

Verðlaunaðasti jeppi sögunnar er nú fánlegur í fyrsta skipti í Plug-in Hybrid útfærslu hlaðinn lúxusstaðalbúnaði og með enn meira farangursrými sem rúmar nú auðveldlega fjögur golfsett auk farangurs. Glæsilegt nýtt útlit og einstök þægindi fyrir kröfuharða kaupendur sem þekkja gæði og vandaðan frágang.

**VERÐ MED ÖLLUM BÚNAÐI  
16.990.000 KR.  
ATH. EKKI VERÐ FRÁ.**



## JEEP® WRANGLER RUBICON GOÐSÖGNIN TEKUR NÆSTA SKREF

Ný útgáfa af hinum eina sanna Wrangler. Nýr framendi með nýju grilli, nýtt mælaborð með 12" upp- lýsinga- og snertiskjá, rafdrifin framsæti, ný hönnun á sætum, fljótandi afturöxull, nýtt útlit á felgum og app sem forhitar, kannar stöðu á rafhlöðu, eldsneyti og staðsetningu, opnar og læsir og margt fleira.

**VERÐ MED ÖLLUM BÚNAÐI  
13.990.000 KR.  
ATH. EKKI VERÐ FRÁ.**

**35", 37" og 40" breytingarpakkar í boði.**

Breytingaverkstæði ÍSBAND sérhæfir sig í breytingum á Jeep. 5 ára ábyrgð er á öllum bílunum og 8 ára ábyrgð á rafhlöðu.

**ISBAND**

PVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300 • ISBAND.IS • JEEP.IS  
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

**Jeep**

# Stofna hóp ábyrggra foreldra

Mosfellingurinn Daðey Albertsdóttir er sálfræðingur sem vinnur mikið með börnum og unglingum.

Hún hefur fundið það í sínu starfi að snjallsímanotkun hjá börnum og unglingum er vaxandi vandamál á heimsvísu og mikið er fjallað um þann skaða sem börn og ungmenni verða fyrir með aukinni notkun samfélagsmiðla og snjallsíma.

Kvíði og önnur vandamál eru vaxandi heilsuvandamál meðal barna og hefur Daðey meðal annars verið að vinna að skjá-tímaviðmiðum og fleiru tengt þessum efnunum í gegnum starf sitt sem sálfræðingur.

## Öflug foreldrasamstaða

Daðey er þessa dagana í fæðingarorlofi með sitt annað barn en fyrir á hún son í 2. bekk í Lágafellsskóla. Hún ásamt Snædís Jónsdóttur sem einnig er í fæðingarorlofi og á son í 3. bekk í sama skóla stofnuðu nýverið facebook-síðuna Áhugahópur ábyrggra foreldra í Mosfellsbæ - börn og samfélagsmiðlar.

„Já, við Snædís erum sem sagt saman í fæðingarorlofi, erum báðar bekkjarfulltrúar í Lágafellsskóla og höfum meðal annars verið að vinna saman að bekkjarsáttmála.

Miklar umræður skapast í svona vinnu og hugmyndir koma fram. Við erum að sjá fréttir utan úr heimi um að snjallsímanotkun og samfélagsmiðlar eru vaxandi vandamál. Við erum sannfærðar um að foreldrasamstaða sé öflugasta forvörnin.“

## Ótti við að barnið þitt verði útundan

„Helsta vandamálið er að þótt foreldrar vilji ekki láta undan að gefa barninu sínu snjallsíma eða hleypa því á samfélagsmiðla, þá er það þessi pressa að ALLIR aðrir eigi síma og það er þessi ótti hjá foreldrum að barnið þeirra sé að verða útundan, þá erum



SNÆDÍS OG DAÐEY SEGJA FORELDRA-SAMSTÖÐU ÖFLUGUSTU FORVÖRNINA

við líklegri til að gefa eftir. Ef við sem foreldrar stöndum saman og erum með samræmd markmið þá er auðveldara standa með okkar ákvörðunum.“

## Frábær viðbrögð við hópnum

Þær Daðey og Snædís segja að viðbrögðin við hópnum hafi verið frábær og nú eru rúmlega 600 meðlimir í honum. Hugmyndin var að búa til stuðningshóp fyrir foreldra í Mosfellsbæ sem átta sig á hættem samfélagsmiðla og vilja þar af leiðandi halda samfélagsmiðlum frá börnunum sínum sem lengst.

Markmið hópsins er að vera styðjandi við aðra foreldra og hvetja til ábyrgrar hegðunar varðandi snjalltæki. Þær stöllu segja að hópinn sé vettvangur fyrir foreldra að skiptast á hugmyndum og styðja hvert annað í að vera ábyrgir foreldrar í Mosfellsbæ. Þær hvetja alla Mosfellinga til að ganga í hópinn og deila góðum ráðum og sýna samstöðu.

» Hópurinn á Facebook heitir: Áhugahópur ábyrggra foreldra í Mosfellsbæ – börn og samfélagsmiðlar.



## Aðalfundur SSH haldinn í Mosfellsbæ

Formannsskipti urðu hjá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) á aðalfundi samtakanna sem haldinn var í Hlégarði 1. nóvember. SSH er vettvangur samráðs og samstarfs sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess að reka saman byggðasamlögin Strætó, Sorpu og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins vinna samtökin að sameiginlegum hagsmunamálum og eru málsvari sveitarfélaganna. Auk þess hafa samtökin samráð við ríkisvaldið, ráðuneyti og stofnanir um málefni er varða hag sveitarfélaganna og vinna með þeim hætti að framþróun og hagsmunum höfuðborgarsvæðisins. Formennska í stjórn samtakanna skiptist á milli framkvæmdastjóra sveitarfélaganna og gegnir hver þeirra formennsku í tvö ár. Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar sem hafði sinnt formennsku hjá SSH síðastliðin tvö ár afhenti Einari Þorsteinsyni borgarstjóra keflið og mun hann gegna formennsku SSH fram að aðalfundi samtakanna árið 2026.

## ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN BRÚARLANDI • FRAM UNÐAN Í STARFINU



### Hittumst í Hlégarði

Verður 3. og 10. desember, svo förum við í jólafrí og byrjum aftur 7. janúar. Endilega komið og kikið í pokakast, billjard, spjall eða spil, alltaf kaffi á könnuni og meðlæti.

### Línudans

Verður kenndur 3. og 10. desember í Hlégarði. Byrjendur kl. 14:30. Aðrir kl. 15:00. Basarbúð verður opin í Brúarlandi mán.-fimmtud. kl. 11-16 og föstud. kl. 13-16. Margt fallett sem ekki seldist á basarnum til sölu hjá okkur á hlægilega góðu verði. Haltu áfram að styrkja gott málefni því allur ágóði er gefinn til þeirra sem minna mega sín í bænum okkar.

### Aðventuhátíð

Opið hús/menningarkvöld verður mánudaginn 9. desember í Hlégarði klukkan 20. Vorboðarnir undir stjórn

Friðriks Vignis Stefánssonar munu syngja fyrir okkur og með okkur og koma öllum í jólasöng við undirleik Helga Hannessonar. Kaffinefndin verður svo með sitt rómaða kaffihlaðborð að venju. Aðgangseyrir er kr. 2.000 (posi verður á staðnum). Með kveðju, Menningar- og skemmtinefnd FaMos.



### Fræðslunefnd FaMos

Býður þér þátttöku í spjallhóp þriðjudaga í Brúarlandi kl. 11. Markmiðið er að fá eldri borgara sem vilja rjúfa félagslega einangrun til að taka þátt í spjallhóp. Með þátttöku í slíkum hóp gefst tækifæri til að hitta fólk í svipuðum aðstæðum og spjalla saman með það að markmiði að styrkja sig félagslega. Við óskum einnig eftir aðstoð aðstandenda, til að komast í tengsl við fólk sem gæti nýtt þetta úrræði til að rjúfa einangrun. Nánari upplýsingar og skráning er hjá Gunnjónu Unu félagsráðgjafa í síma 8637169 eða á netfanginu gunnjona@mail.com


### JÓLABINGÓ

Miðvikudaginn 11. desember kl. 13:30. Jólábíngó í borðsal Hlaðhamra 2. Glæsilegir vinningar í boði. Hlökkum til að sjá þig.



### Gott að eldast

Guðleif Leifsdóttir tengiráðgjafi í verkefninu Gott að eldast verður með fasta viðtalstíma í Brúarlandi á mánudögum kl. 14-15, einstaklingum að kostnaðarlausu. Boðið er upp á ráðgjöf um farsæla öldrun, upplýsingar um úrræði í nærsamfélaginu, mikilvægi virkni og þátttöku og markmiðssetningu á efri árum. Einnig boðið upp á fræðslu og ráðgjöf varðandi áskoranir sem fylgja hækkandi aldri og leiðir til að draga úr einmanaleika og einangrun. Guðleif er félagsráðgjafi og markþjálfari, hún hefur margra ára reynslu af ráðgjöf til einstaklinga. Hægt er að pantast tíma með því að senda tölvupóst á gudleifl@mos.is eða hringja í síma 525-6700.



**Skrifstofa félagsstarfsins** er opin alla virka daga kl. 13-16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er Elva Björg Pálsdóttir tólmstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

**Skrifstofa FaMos** í Brúarlandi er opin alla fimmtudaga frá kl. 15-16.



**FÉLAG ALDRADRA** í Mosfellsbæ og nágrenni famos@famos.is www.famos.is

### STJÓRN FAMOS

**Jónas Sigurðsson** formaður s. 666 1040 jonass@islandia.is

**Jóhanna B. Magnúsdóttir** varaformaður s. 899 0378 hanna@smart.is

**Þorsteinn Birgisson** gjaldkeri thorsteinn.birgis@gmail.com

**Guðrún K. Hafsteinsdóttir** ritari s. 892 9112 gunnasjana@simnet.is

**Ólafur Guðmundsson** meðstjórnandi s. 868 2566 polarafi@gmail.com

**Ingibjörg G. Guðmundsdóttir** varamaður s. 894 5677 igg@simnet.is

**Hrund Hjaltadóttir** varamaður s. 663 5675 hrundhj@simnet.is



# Nýtt upphaf

- **Neglum niður vextina**  
með því að hætta að reka ríkið á yfirdrætti
- **Stöndum með ungu fólki og fjölskyldum**  
með bráðaaðgerðum á húsnæðismarkaði
- **Tryggjum öruggar tekjur alla ævi**  
með því að hækka lífeyri TR í takt við laun
- **Fastur heimilislæknir sem þekkir þig**  
og örugg heilbrigðisþjónusta óháð búsetu
- **Hlúum að fólkinu sem byggði landið**  
með þjóðarátaki í umönnun eldra fólks
- **Styðjum við atvinnulíf og orkuskipti**  
með uppbyggingu orkuinnviða og grænum hvötum

**Verið velkomin í kosningakaffi  
í Þverholti 3 á kjördag  
frá klukkan 14 til 17.**

Kíktu á viðrummeðplan.is  
eða skannaðu kóðann





## Upplestrar á Gljúfrasteini á aðventunni

Á Gljúfrasteini er hefð fyrir því að höfundar lesi upp úr nýjum verkum sínum í stofunni á aðventu. Upplestrar fara fram fjóra sunnudaga fyrir jól. Dagskráin hefst kl. 14 og stendur í um klukkutíma. Dagskráin hefst sunnudaginn 1. desember þegar eftirtaldir höfundar lesa úr bókum sínum: Dagur Hjartarson - Sporðrekar. Maó Alheimsdóttir - Veðurfregnir og jarðarfarir. Halldór Armand - Mikilvægt rusl. Jón Kalman Stefánsson - Himintungl yfir heimsins ystu brún. Nánari upplýsingar um dagskrána næstu sunnudaga má sjá á auglýsingu annars staðar í blaðinu eða á [www.gljufraSTEINN.is](http://www.gljufraSTEINN.is)

## Sölusýning í Sigurbjörgu í MosóTorgi

Sölusýning systranna Sigríðar og Brynju Bjarnadætra opnar 2. desember klukkan 12 í Sigurbjörgu í MosóTorgi.

Systurnar Sigríður og Brynja hafa samtals yfir 150 ára reynslu af þrjú en þær verða með sýningu á handþrjúnuðum vettlingum af ýmsum toga og engin tvö pör eins. Sölusýningin verður opin fram að jólum, endilega nýtið ykkur tækifærið og kíkið á sýninguna í MosóTorgi.



## BUR býður upp á fyrirlestur með Loga

Barna- og unglíngaráð handknattleiksdeildar Aftureldingar stendur fyrir fyrirlestri í Hlégarði miðviku-dagskvöldið

4. desember. Foreldrum og iðkendum er boðið að hlusta á Loga Geirsson fyrrum landsliðsmann í handbolta. Yfirskrift kvöldsins er „Hvað einkennir árangursríka liðsheilð?“. Lykillinn að árangri í hvaða liði sem er felst í sameiginlegum gildum, skýrum markmiðum og þrautseigju. Á þessum fyrirlestri fer Logi yfir það sem greinir bestu liðsheilðirnar frá öðrum. Skýr stefna og sameiginleg markmið - Traust samskipti - Ábyrgð og ábyrgðartilfinning - Jákvæð menning og stuðningur. Fróðlegur fyrirlestur fyrir alla sem vilja ná árangri í boltanum.



**MOSFELLINGUR  
KEMUR  
NÆST  
ÚT 19. DES**

[mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)

Rafræn kosning hafin á [mos.is](http://mos.is)

# Kosið um íþróttafólk ársins 2024

Búið er að tilnefna 10 konur og 10 karla til íþróttafólks Mosfellsbæjar 2024.

Eins og áður gefst bæjarbúum kostur á, ásamt íþrótt- og tótmundanefnd Mosfellsbæjar, að kjósa íþróttafólk ársins rafrænt á [www.mos.is](http://www.mos.is).

Í Mosfellingi í dag má finna kynningu á íþróttafólkinu sem tilnefnt er og afrekum þess á árinu.

Netkosning stendur yfir frá 28. nóvember til og með 12. desember. Velja skal í 1., 2. og 3. sæti í kvenna- og karlaflokk. Kosningin er ekki gild nema valið sé í öll þrjú sætin.

Tilkynnt verður um valið við hátíðlega athöfn fimmtudaginn 9. janúar.

Núverandi íþróttafólk Mosfellsbæjar eru handknattleiksmaðurinn Þorsteinn Leó Gunnarsson og knattspyrnukonan Hafrún Rakel Halldórsdóttir.



# Jólasveina Brunch BlikBistro

**JÓLABRUNCH HLADBORD  
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA**

**JÓLASVEINARNIR KOMA OG  
GEFA GJAFIR  
ALSKYNNIS JÓLAFÖNDUR  
FYRIR KRAKKA OG  
JÓLASTEMNING**

**7,8,14,15 DESEMBER  
MILLI 11:30 OG 16:00  
KÍKTU VIÐ OG NJÓTTU HJÁ OKKUR**

**Bókaðu bord á  
[www.blikbistro.is](http://www.blikbistro.is)**

# VELKOMIN Í KOSNINGAKAFFI SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Í KRAGANUM

**Kjördagur 30. nóvember 2024**

**Garðabær - Safnaðarheimilinu Vídalínskirkju kl. 11-16**

**Hafnarfjörður - Norðurbakka 1 kl. 11-17**

**Kópavogur - Hlíðarsmára 19 kl. 11-17**

**Mosfellsbær - Hlégarði kl. 13-16**

**Seltjarnarnes - Austurströnd 3 kl. 13-16**



**D**



## Miðbæjartréð sótt í Hamrahlíð

Fjórða árið í röð er jólatréð fyrir miðbæjartorg sótt í Hamrahlíðarskóg. Það var Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri sem felldi tréð með aðstoð Björns Traustasonar formanns Skógræktarfélags Mosfellsbæjar og starfsfólks þjónustustöðvar.

Tréð sem var gróðursett í kringum aldamótin er sitkagreni sem hefur vaxið vel og náð um 7 metra hæð. Fyrir hvert tré sem er fellt gróðursetur Skógræktarfélagið allt að 30 tré.

Lósín verða tendruð laugardaginn 30. nóvember og fer fram dagskrá í og við Kjarna frá kl. 15:30.

Jólatrjáasala hefst í Hamrahlíð sunnudaginn 8. desember með formlegri opnun, Álafosskór, jólasveinum og fleiri uppákomum.

# AÐVENTUKVÖLD LÁGAFELLSSÓKNAR

Prestar sóknarinnar, þau Arndís, Henning Emil og Guðlaug Helga þjóna Gissur Páll Gissurarson syngur ásamt Kirkjukór Lágafellssóknar

Organisti er Árni Heiðar Karlsson  
Aðventukaffi í safnaðarheimili í lok stundarinnar  
Verið velkomin



SUNNUDAGINN  
8. DES. KL. 20:00

[www.kjotbudin.is](http://www.kjotbudin.is)

## PANTAÐU HÁTÍÐARMATINN TÍMANLEGA!



**KJÖTBÚÐIN**

[www.kjotbudin.is](http://www.kjotbudin.is)

Sunnukrika 4, Mosfellsbæ  
Grensásvegi 48, Reykjavík  
Sími 571 5511  
[kjotbudin@kjotbudin.is](mailto:kjotbudin@kjotbudin.is)



PANTAÐU  
Á NETINU

TILBOÐ UM HELGINA

**KJÖTBÚÐIN**

**20%  
afsláttur**

NAUTALUND  
deluxe trufflumarineruð

UNGNAUTA RIBEYE

HASSELBACK KARTÖFLUR

HEIT RJÓMALÖGÐ PIPARSÓSA



**KJÖTBÚÐIN**

[www.kjotbudin.is](http://www.kjotbudin.is)

SUNNUKRIKA 3 - MOSFELLSBÆ  
GRENSÁSVEGI 48 - REYKJAVÍK



# Ljósinn tendruð

laugardaginn 30. nóvember

Tendrun ljósanna á jólatrénu á Miðbæjartorginu hefur um árabil markað upphaf jólahalds í bænum. Tendrunin á sér fastan sess í hjörtum bæjarbúa sem fjölmenna á viðburðinn ár hvert.

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar spilar inni í Kjarna frá kl. 15:30 og kl. 16:00 hefst dagskrá á Miðbæjartorginu:

- Börn úr forskóladeild Listaskólans
- Barnakór Lágafellssóknar
- Söngkonan Guðrún Árný

Gera má ráð fyrir að einhverjir jólasveinanna komi ofan úr Esju þennan dag til að dansa í kringum tréð með börnunum. Eftir að dansað hefur verið í kringum jólatréð verður haldið inn í Kjarna þar sem Mosfellskórinn mun syngja lög. 4. flokkur kvenna í knattspyrnu í Aftureldingu sér um sölu á heitu kakó, kaffi og vöfflum, og Kvenfélag Mosfellsbæjar heldur sinn árlega kökubasar.

# Aðventuupplestrar á Gljúfrasteini

Á Gljúfrasteini er hefð fyrir því að höfundar lesi upp úr nýjum verkum sínum í stofunni á aðventu. Upplestrar fara fram fjóra sunnudaga fyrir jól og hefst dagskráin kl. 14 og stendur í um klukkutíma.

## Sunnudagur 1. desember

- Dagur Hjartarson - *Sporðrekar*
- Maó Alheimsdóttir - *Veðurfregnir og jarðarfirir*
- Halldór Armand - *Mikilvægt rusl*
- Jón Kalman Stefánsson - *Himintungl yfir heimsins ystu brún*

## Sunnudagur 8. desember

- Kristín Svava Tómasdóttir og Guðrún Elsa Bragadóttir - *Duna: Saga kvikmyndagerðarkonu* (Guðný Halldórsdóttir les upp úr bókinni)
- Gróa Finnsdóttir - *Eyjar*
- Guðmundur Andri Thorsson - *Synir himnasmiðs*
- Þórunn Valdimarsdóttir - *Fagurboðar og Spegill íslenskrar fyndni*

## Sunnudagur 15. desember

- Kristín Marja Baldursdóttir - *Ég færi þér fjöll*
- Eva Rún Snorradóttir - *Eldri konur*
- Birgitta Björg Guðmarsdóttir - *Moldin heit*
- Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson - *Spunatið*

## Sunnudagur 22. desember

- Hildur Knútsdóttir - *Mandla*
- Hallgrímur Helgason - *Sextíu kíló af sunnudögum*
- Tómas Ævar Ólafsson - *Breiðbotur*
- Sunna Dís Másdóttir - *Kul*



Frítt inn og öll eru hjartanlega velkomin.

## Jólamarkaður í Kjósinni

Hinn árlegi aðventumarkaður verður haldinn í Félagsgarði  
laugardaginn 7. desember kl: 12-16.

Tví- taðreykt hangikjöt, nautakjöt, Sörur, humarsúpa, fallegt handverk, kransar og fleira.

Kvenfélag Kjósarhrepps sér um kaffiveitingar og rennur allur ágóði til góðra mála.

Hinn árlegi jólaskógur verður að Fossá, svo að það er um að gera að ná sér í jólatré í leiðinni

**Verið velkomin í Kjósina á aðventunni**



X M

EINA VÖRNIN **GEGN ESB**  
ER MIÐFLOKKURINN

ÁFRAM ÍSLAND X M



Kynntu þér málin  
nánar á [miðflokkurinn.is](https://miðflokkurinn.is)



# Kynningarfundur um Farsældartún

Mosfellsbær og stjórn Farsældartúns boða til opins kynningarfundar um Farsældartún sem er sjálfseignarstofnun í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna.

Á svæðinu verða ýmsar byggingar sem munu hýsa aðila sem veita börnum, ungmennum og fjölskyldum þeirra þjónustu.



Íbúar eru velkomnir á kynningarfundinn sem haldinn verður í Framhaldsskóla Mosfellsbæjar, Bjarkarholti 35, þann 5. desember frá kl. 16:30 - 18:00.

Mosfellsbær

[www.mos.is](http://www.mos.is)

525 6700

*Beauty Star*

EIGUM FULLT AF GJAFAVÖRU OG  
GJAFAKORTUM Í JÓLAPAKKANA

MINNUM Á AÐ BÓKA  
TÍMANLEGA FYRIR JÓLIN

SUNNUKRIKI 3 BAKVIÐ APÓTEKARANN





MÍÐASALA HEFST 29. NÓVEMBER

[www.midix.is](http://www.midix.is)

# ÞORRABLÓT AFTURELDINGAR

HÚSIÐ OPNAR 18:30

# 25. JANÚÁR



STUÐLABANDIÐ  
AUDDI OG STEINDI



MOSFELLINGAR Á  
SVIÐI Í LISSABON



MÆÐGININ MAGGI OG HANNA



Hópferð Aftureldingar til Lissabon á tónleika KALEO • Samstarfið vakið heimsathygli

# „Andrúmsloftið er alveg einstakt þegar Mosó mætir“



MOSFELLINGAR VORU ÁBERANDI Í  
AFTURELDINGAR-TREYJUNUM Í HÖLLINI

Afturelding stóð fyrir hópferð á KALEO-tónleika í Lissabon í Portúgal í byrjun nóvember. Hátt í 200 Mosfellingar voru með í för og var mikil stemning í hópnum enda Afturelding nýbúin að tryggja sér sæti í Bestu deild og var bikarinn með í för.

„Það er oftast mikil stemning á tónleikum hjá okkur en það er óhætt að segja að andrúmsloftið sé einstakt í þau skipti sem hópurnir úr Mosó mætir,“ segir Jökull Júlíusson söngvari hljómsveitarinnar KALEO.

Áður hafði verið farið í ferð til Dublin árið 2022. „Þetta er smá eins og þegar íslenskt landslið fer á stórmót og fólk mætir erlendis til að styðja. Það er virkilega einstakt fyrir Mosfellsbæ og ég elska að fá að vera hluti af því,“ segir Jökull.

## Sameinar samfélagið í Mosó

Fyrir þremur árum gerðist KALEO styrktaraðili knattspyrnudeildar Aftureldingar og hefur merki hljómsveitarinnar verið framan á búningum meistaraflökkanna.

„Samstarfið hefur verið frábært í alla staði. Við höfum haldið einkatónleika og styrktartónleika fyrir félagið og reynt að bera hróður þess sem og Mosfellsbæjar út um allan heim.

Það skemmtilegasta við þetta allt er hvað

» Höfum reynt að bera hróður Aftureldingar og Mosfellsbæjar um allan heim.

Jökull Júlíusson

þetta sameinar samfélagið í Mosó og gerir mikið fyrir fólkid.“

## Stefna að nýrri plötu með vorinu

Mosfellingarnir í KALEO hafa verið á tónleikaferðalagi frá því í júní. Fyrst var farið um Norður-Ameríku og nú eru þeir á ferð um Evrópu fram í miðjan desember. „Það er mikil stemning en ég neita því ekki að það er komin smá þreyta í hópinn.“

Strákarnir halda áfram tónleikaferð um heiminn á nýju ári og bíður þeirra Ástralía, Nýja Sjáland og Suður Ameríka svo eitthvað sé nefnt. „Svo stefnum við að því að gefa út nýja plötu næsta vor,“ segir Jökull.


„Við vonumst til þess að geta haldið tónleika á Íslandi á næsta ári. Við höfum verið að plana stóra tónleika heima í einhverni tíma en það þurfa nokkrir hlutir að ganga upp í takt við skipulag og tímaramma. Við lofum alla vega dúndur „showi“ þegar að því kemur,“ segir Jökull að lokum.



BIGGI OG KRISTMANN



BALLI OG ÞYRI



ÁRNI OG TOBBA



ÓLI OG SVANUR

Myndir/Hilmar



**BIGGI, PÉTUR, ÞORGEIR LEÓ,  
ELVAR OG HEIÐAR NÚMI**



**EYDÍS ÖSK OG BIRTA RUT**



**EINAR Í LISSABON X6**

**SVIPMYNDIR  
FRÁ LISSABON**



**PALLI, EYÞÓR OG BJÖSSI**



**FJÖR FRÁ FYRSTU MÍNÚTU**



**EINAR, JÖKULL, HILMAR OG MAGGI**



**EYÞÓR BRAGI OG EINAR INGI**



**HILMAR, SVANNI OG STEINDI**



**FMOS**  
Framhaldsskólinn  
í Mosfellsbæ

**Komdu í FMOS  
Við erum að innrita**



**Persónulegur skóli sem  
tekur vel á móti þér**



**Nútímalegar  
kennsluaðferðir**

[www.fmos.is](http://www.fmos.is)



SVIPMYNDIR

# JÓLABASAR



KÓR ELDRI BORGARA SYNGUR

# FÉLAGSSTARFSINS



Myndir/Raggi Óla



# Börninn



# okkar



Mosfellsbær




Nánari upplýsingar á [mos.is/borninokkar](http://mos.is/borninokkar)



DOMINO'S PIZZA | HÁHOLTI 14 | MOSFELLSBÆ

# BESTA FUGMYND DAGSINS





**SVIPMYNDIR  
FRÁ FRUMSÝNINGU**



# Ylur frumsýndur í Bæjarleikhúsinu

Fimmtudaginn 21. nóvember frumsýndi Leikfélag Mosfellsveitar nýja jólasöngleikinn Yl eftir Aron Martin Ásgerðarson og Ástrós Hind Rúnarsdóttur í Bæjarleikhúsinu í Mosfellsbæ fyrir fullum sal.

Ylur segir frá hópi Íslendinga úr ólíkum áttum sem ætla að halda heilög jól á Tenerife en óvæntar upptakomur gera þeim erfitt fyrir.

Leikhópurinn, sem telur um fjórutíu manns, hefur æft verkið undanfarnar vikur en að sýningunni kemur einnig fjöldi tónlistarfólks og baksviðsfólks.

Leikstjóri er Aron Martin Ásgerðarson og tónlistarstjóri er Þorsteinn Jónsson. Næstu sýningar verða 5. og 13. desember en miðasala fer fram á [tix.is](http://tix.is).



Myndir/RaggiÓla



## JÓLAMARKAÐUR - BÚÐIN OKKAR

Jólamarkaður Búðarinnar Okkar verður haldinn fimmtudaginn 28. nóvember frá kl 15:30-19:30.

Til sölu verða glæsilegar handverksvörur sem flestar eru unnar úr endurnýttu efni. Í boði verður heitt súkkulaði og piparkökur. Verið velkomin í Búðina Okkar í Hamrahlíð v. Skálahlíð 9 (áður Skálatún).

Hlökkum til að eiga með ykkur notalega stund.






Bókasafn Mosfellsbæjar

# Bókmenntahlaðborð í Bókasafni Mosfellsbæjar



Ragnhildur  
Prastardóttir  
Eyja



Bjarki  
Bjarnason  
Gröf minninganna



Jón Kalman Stefánsson  
Himintungl yfir  
heimsins ystu brún



Kristín Svava Tómasdóttir  
Duna: Saga kvikmyndar-  
gerðarkonu

## Fimmtudaginn 28. nóvember kl. 20:00

### Húsið opnar 19:30

Bókmenntahlaðborð Bókasafns  
Mosfellsbæjar fer fram fimmtudaginn  
28. nóvember kl. 20:00.  
Húsið opnar kl. 19:30.

Stjórnandi: Katrín Jakobsdóttir

Ljúfir tónar, kertaljós og veitingar  
að hætti Bókasafnsins

Aðgangur ókeypis  
– öll velkomin meðan húsrúm leyfir



Nánari upplýsingar má finna  
á Facebook síðu Bókasafnsins  
[facebook.com/bokmos](https://facebook.com/bokmos)



Viktória Unnur Víkorsdóttir skólastjóri Krikaskóla þriðja frá hægri ásamt fulltrúum frá Hvaleyrarskóla, Fylki og UMFÍ/ÍSí, sem einnig hlutu samfélagsstyrk, og fulltrúum frá Krónunni, þeim Heiðdísí Ingu Hilmarsdóttur, verkefnastjóra sjálfbærnimála hjá Krónunni, Guðrúnu Aðalsteinsdóttur, framkvæmdastjóra Krónunnar, og Freyju Leópoldsdóttur, forstöðumanns markaðsmála Krónunnar.

## Krikaskóli hlaut styrk til kaupa á gróðurhúsi frá Bambahúsum

Krónan gekk nýlega frá vali á þrettán samfélagsverkefnum víða um land, sem Krónan styrkir á þessu ári. Meðal þeirra sem hlutu styrk er Krikaskóli vegna kaupa á gróðurhúsi frá Bambahúsum sem framleidd eru úr endurunnum efnum.

Gróðurhúsið er búið til úr svokölluðum bömbum sem hefðu annars verið urðaðir eða brenndir. Endurvinnslustöðvar Íslenska gámafélagsins fá til sín mikið magn af bömbum til förgunar og með hringrásarhagkerfið í huga hófst samstarf fyrirtækisins og Bambahúsa um nýtingu bambanna til hagnýtra nota í nýju hlutverki.

Hjá Krikaskóla verður Bambagróðurhúsið nýtt til að kenna og fræða leikskólabörnin um flest sem viðkemur ræktun

og mikilvægi þess að vita hvaðan einstök matvæli koma.

### Samfélagsstyrkir Krónunnar 2024

Krónan valdi nýlega þrettán verkefni víða um land sem hljóta samfélagsstyrk frá Krónunni í ár. Langflest þeirra eru staðsett utan höfuðborgarsvæðisins, en eiga það öll sameiginlegt að stuðla að jákvæðum áhrifum á uppbyggingu í nærsamfélögum á þeim þéttbýlisstöðum þar sem Krónan er til staðar.

Verkefni eiga það einnig sameiginlegt að ýta undir umhverfisvitund eða aukna lýðheilsu í formi áherslu á hollustu og/eða hreyfingu þar sem sjónum er einkum beint að ungu kynslóðinni.

## ÖLL ALMENN JARÐVINNA

- Hellulagnir •
- Þökulagnir •
- Vélarvinna •
- Malbik- og steinsögun •
- Snjóbræðslulagnir •
- Grjót/steinhleðslur •
- Drenlagnir •

### ÞJÓNUSTUM EINSTAKLINGA, HÚSFÉLÖG OG FYRIRTÆKI



☎ 781 7777

husrad@husradverktakar.is



## Alla leið á öruggari dekkjum

Minnsta mál að bóka tíma í N1 appinu



Kóði til að sækja appið



### Cooper Discoverer Snow Claw

Hannað fyrir krefjandi vetraraðstæður. Mjúk gúmmiblanda fyrir hámarksafköst við lágt hitastig. Afburðagott grip, neglanlegt. SWR og 3PMS merking.



### Cooper Weather-Master WSC

Öflugt og gott grip við erfiðar aðstæður. Mikið skorið og stefnuvirkt mynstur fyrir jeppa og jepplinga. Flott dekk fyrir íslenskt veðurfar.



### Cooper Discoverer Winter

Mikróskorin óneglanleg vetrardekk. Afburða veggrip og stutt hemlunarvegalengd. Mjúk í akstrí með góða vatnslosun.

### Hjólbarðþjónusta N1

Bíldshöfða	440-1318	Langatanga Mosfellsbæ	440-1378
Fellsmúla	440-1322	Reykjavíkurvegi Hafnarfirði	440-1374
Réttarhálsi	440-1326	Grænásbraut Reykjanesbæ	440-1372
Ægisíðu	440-1320	Dalbraut Akranesi	440-1394
Klettagörðum	440-1365	Réttarhvammi Akureyri	440-1433



# Jólin á Blik Bistro

JÓLASEÐILL BLIK BISTRO 20.NOV-23.DESEMBER

## 7.RÉTTA MATSEÐILL

### KVÖLDIÐ BYRJAR Á 5 FORRÉTTUM TIL AÐ DEILA

- REYKT ANDABRINGA MEÐ HEIMALÖGUÐU REMÚLADI OG STEIKTUM LAUK
- RÆKJUKOKTEILL BLIKBISTRO
- GRAFLAX Á LAUFARBRAUÐ MEÐ PIKKLUÐU GRÆNMETI
- REYKT BLEIKJA MEÐ PIPARRÓTARSÓSU
- GRAFÍÐ ÆRLÆRI MEÐ CUMBERLAND SÓSU

### AÐALRÉTTUR

KRÓNHJÖRTUR MEÐ PORTVÍNS OG BLÁBERGJASÓSU BORIN FRAM MEÐ TRUFFLU KARTÖFLUM, SVEPPUM OG PERLULAUK ÁSAMT EPLASALATI

### EFTIRRÉTTUR

RIS A LA MANDE MEÐ SALTKARAMELLU, RISTUÐUM MÖNDLUM OG HINDBERJA SORBET

10.990KR Á KVÖLDIN  
7.990 KR HÁDEGINU



KJÖRDAGUR - LAUGARDAGUR 30. NÓVEMBER

D

## KOSNINGAKAFFI Í HLÉGARÐI

Kosningakaffi í Hlégarði á kjördag.

**Heitt á könnunni**  
**milli kl. 13:00-16:00**

Öll hjartanlega velkomin

**Sjálfstæðisfélag Mosfellinga**

## KOSNINGAVAKA Í KJARNA

Sjálfstæðisfélag Mosfellinga verður með kosningavöku í félagsheimilinu í Kjarna.

**Húsið opnar kl. 20:00**

Fylgst verður með nýjustu tölum í góðum félagsskap

Öll hjartanlega velkomin



DILJÁ, MARÍA PETA OG KOLLA



PÓRUNN, JÓHANNA, MAGNEA, ANNA OG LINDA

Glæsilegt skemmti- og fjáröflunarkvöld haldið í Hlégarði • Átakið Roðagyllum heiminn stendur yfir til 10. desember

# Vinkonukvöld Soroptimistaklúbbsins

Soroptimistaklúbbur Mosfellssveitar stóð fyrir glæsilegu vinkonukvöldi í Hlégarði þann 10. október. Boðið var upp á glæsilegar veitingar og frábæra skemmtidagská ásamt því að seldir voru happdrættismiðar í fjáröflunarskyni.

Markmið kvöldsins var að kynna hreyfingu Soroptimista fyrir konum í bæjarfélaginu og afla fjár fyrir 16 daga alheimsátak Soroptimista „Roðagyllum heiminn“ (e. Orange the world) sem hófst síðastliðinn mánudag en átakið stendur yfir dagana 25. nóvember til 10. desember ár hvert.

Ótal einstaklingar og fyrirtæki lögðu klúbbnum lið með styrkjum og gjöfum til að gera kvöldið sem veglegast og fá þeir bestu þakkir. Allur ágóði fjáröflunarinnar rennur óskiptur til styrktarverkefna sem tengjast áttakinu.

## Bjartari framtíð án ofbeldis

Soroptimistar um allan heim slást í för með u.þ.b. 6.000 samtökum í 187 löndum, sem leidd eru af Sameinuðu þjóðunum, til að vekja athygli á kynbundnu ofbeldi gegn stúlkum og konum með þátttöku í 16 daga áttakinu. Roðagyllti liturinn sem er litur áttaksins táknar bjartari framtíð án ofbeldis. Yfirskrift áttaksins er: „Þekktu rauðu ljósin.“ Áherslan í ár snýr að netofbeldi og felst í fræðslu um hvernig koma megri auga á birtingamyndir ofbeldis á netinu, vekja til vitundar, fræða og styrkja alla í að grípa til aðgerða og koma í veg fyrir stafrænt ofbeldi.

Soroptimistaklúbbur Mosfellssveitar mun, eins og fyrri ár, lýsir upp byggingar, sundlaugar og kirkjur í bæjarfélaginu ásamt því að fallegi Álafossinn okkar í kvosinni verður baðaður roðagylltu ljósi. Bókasafn Mosfellsbæjar setur upp sérstaka bókahillu þar sem er að finna sjálfsævisögur kvenna sem lent hafa í ofbeldi ásamt ýmsu öðru efni sem tengist málefnum.

Mosfellsbakarí verður með sölu á snúðum með appelsínugulum glassúr og gefur



JÓHANNA VALDÍS OG KRISTBJÖRG SUNNA

hluta ágóðans til verkefna sem falla undir átakið. Einnig mun klúbburinn birta hughreystandi skilaboð til kvenna í innkaupakerrum í Nettó og Bónus.

## Fleiri geta slegist í hópinn

Á hverju ári er leitast við að gera betur og vekja meiri athygli á málefnum og eru þeir beðnir sem vilja hjálpa að taka þátt með að vera sýnilegir og lýsa upp sitt nærumhverfi að hafa samband við klúbbmeðlimi sem gefa leiðbeiningar um hvernig hægt er að útfæra það. Eins ef fyrirtæki og stofnanir í bæjarfélaginu vilja lýsa upp byggingar sínar meðan á áttakinu stendur þá getur klúbburinn útvegað filmur á ljóskastara. Hafa má samband á netfangið ritarisorosom@gmail.com

Soroptimistar eru alþjóðleg samtök kvenna sem hafa það að markmiði að stuðla að jákvæðri heimsmynd, þar sem samtakamáttur kvenna nær fram því besta sem völ er á. Samtökin vinna að bættari stöðu kvenna, að mannréttindum öllum til handa sem og jafnrétti, framförum og friði með alþjóðlega vináttu og skilning að leiðarljósi. Soroptimistar stuðla að menntun kvenna og stúlkna til forystu.



HILDUR, SALOME, SÓLRÚN OG HJÓRDÍS



BERTA OG SÓLRÚN INGA



ERNA, ÁSLAUG OG SOFFÍA



LÁRA OG ELÍN



ELÍN GUÐNÝ, BIRGITTA ELÍN OG IRIS RUT



KATRÍN, BIRNA, LÁRA, PALÍNA, INGIBJÖRG OG HAFDÍS



ALLT  
FASTEIGNASALA

## Sérstniðin þjónusta til byggingaraðila

ALLT.IS - ALLT@ALLT.IS - 5605505




# KJÓSUM OKKAR KONU Á ÞING!

Bryndís Haraldsdóttir, þingmaður og fyrrverandi bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ  
skipar 3. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi.

Veitum henni áframhaldandi stuðning til góðra verka.  
Þannig náum við meiri árangri fyrir okkur öll.





### Listasalur Mosfellsbæjar

# Jólastaverkamarkaður yfir 50 listamanna

Húsfyllir var í Listasal Mosfellsbæjar þann 23. nóvember þegar jólastaverkamarkaður opnaði í Listasal Mosfellsbæjar.

Yfir 50 listamenn sýna og selja list sína á markaðinum, en menningar- og lýðræðisnefnd samþykkti að síðasta sýning ársins yrði að þessu sinni listaverkamarkaður í stað hefðbundinnar sýningar. Hugmyndin kom frá íbúa, og þótti áhugaverð og til þess fallin að styðja við listamenn í bænum.

Á sýningunni má finna fjölbreytt verk,

allt frá litlum vatnslitamyndum, textílverkum og málverkum til lampna.

Gert er ráð fyrir því að sýningin taki breytingum meðan á henni stendur, þegar verkin á veggjunum fá nýja eigendur og önnur koma í þeirra stað. Þarna er frábært tækifæri til að finna eitthvað alveg einstakt í jólapakkann.

Jólastamarkaðurinn stendur til og með 20. desember og er opin allra virka daga frá kl. 9-18 og 12-16 á laugardögum.



## NÁTTTRÖLLIÐ YRSA -EINMANA Á JÓLANÓTT-

Í BÓKASAFNI MOSFELLSBÆJAR  
MIÐVIKUDAGINN 4. DESEMBER KL. 17

Leikhópurinn Óhemjur flytur okkur hjartnæma aðventusögu sem er stútfull af söng, leik og dansi. Leikhópurinn skipa Ellen Margrét Bæhrenz og Helgi Grímur Hermannson. Sýningin er 25 mínútur að lengd.

Nátttröllið Yrsa sér fram á einmanalega jólahátíð þar sem foreldrar hennar og systkini eru öll orðin að steini. Hún tekur á það ráð að fanga litinn skógarþröst og læsa inni í hellinum sínum svo hún hafi félagsskap um jólin. Þrösturinn hjálpar henni svo að sjá hlutina í nýju ljósi.

ÖLL VELKOMIN!



## BARNABÓKASMAKK

Í BÓKASAFNI MOSFELLSBÆJAR

5. DESEMBER KL. 16:30

Á aðventunni fáum við heimsókn frá tveimur barnabókahöfundum sem kynna fyrir okkur nýjustu bækurnar sínar.

Kristin Ragna Gunnarsdóttir les fyrir okkur upp úr ævintýrabókinni Valkyrjusaga.

Hjalte Halldórsson verður á jólalegum nótum með bækurnar Hinn eini sanni jólasveinn og Bannað að vekja Grýlu.



Jólalegar veitingar að upplestri loknum.

Öll velkomin!





*Jóla* **23. NÓV - 20. DES**  
**LISTAMARKAÐUR**  
í Listasal Mosfellsbæjar

ÝMSIR LISTAMENN  
SÝNA OG SELJA LIST



Íslenskar værdarvoðir  
og púðaver frá Ístex

# 20%

afsláttur af öllu Hill's fóðri í desember  
Úrval af sjúkra- og heilfóðri

Vísindalega þróuð næring. Bætt heilsa, betra líf.  
Fyrir allan aldur, stærðir og mismunandi þarfir.

DÝRALÆKNIRINN MOSFELLSBÆ  
Urðarholti 2  
Sími 566 5066  
Opð: virka daga kl 9-17



MÆLT MEÐ AF  
DÝRALÆKNUM  
UM ALLAN HEIM



betra líf fyrir  
besta vininn



# Tek þetta að mér með skýr markmið í huga

Ásgeir Jónsson hefur veitt grunnnámi viðskipta- og hagfræðideildar Háskólans í Reykjavík forstöðu og komið að hinum ýmsu nýsköpunar- og þróunarverkefnum. Í dag kennir hann ásamt teymi fjölmennasta háskólaáfangas landsins, Nýsköpun og stofnun fyrirtækja.

Á vordögum tók Ásgeir við formanns-embætti hjá Ungmennafélaginu Aftureldingu en þar er hann öllum hnútum kunnugur bæði sem leikmaður og þjálfari. Ásgeir er með skýr markmið og vonast til að geta látið gott af sér leiða.

Ásgeir er fæddur í Reykjavík 12. janúar 1983. Foreldrar hans eru Áslaug Höskuldadóttir listakona og Jón Steinar Árnason skipstjóri.

Ásgeir á fjögur systkini, Steinunni f. 1968, Árna f. 1972, Ösp f. 1977 og Agnar f. 1979.

## Uppátækjasamir í meira lagi

„Ég er alinn upp í Mosfellssveit, síðar Mosfellsbæ. Fyrstu ár ævinnar bjó ég í Skál í Krókabyggð. Það var dásamlegt og mikið frelsi, að hlaupa um melinn svokallaða og slæpast um skóglendið í kring. Fyrstu árin voru þetta bara húsín á Reykjavæginum og Reykjum og einstaka hús í kring. Svo auðvitað Reykjalundur og Dælustöðin, þar sem afi minn Höskuldur Ágústsson var stöðvarstjóri.

Ég og Oddur vinur minn vorum uppátækjasamir í meira lagi og áttum til að reyna verulega á þolinmæði samferðafólks, sér í lagi foreldranna.“

## Við afi vorum nánir vinir

„Þegar ég var 8 ára héldu foreldrar mínir í sitt hvora áttina. Við systkinin og mamma bjuggum þá hjá afa Höska og ömmu Ás-laugu í tæp tvö ár. Ómetanlegir tímar þar sem við afi urðum nánir vinir, hann kenndi mér að lesa og skrifa ljóð.

Um 10 ára aldurinn fluttum við svo í Miðholtið og þar tók maður út gelgjuna. Strákabörin áfram rauður þráður en handboltinn átti alltaf stóran þátt í lífi mínu og hélt manni á mottunni,“ segir Ásgeir og brosir.

„Æskuminningarnar eru margar frábærar en besta minningin var alltaf sú síðasta. Heima þegar pabbi kom heim eftir siglingar og færði okkur systkinunum gjafir sem fengust ekki á landinu. En rauði þráðurinn þegar maður hugsar til baka er hversu kærleiksrík mamma var og er, ég verð alltaf þakklátur fyrir það.“



Fjölskyldan: Jón Kristján, Yrja Dögg, Ásgeir, Viktoría Nansý og Bjartur Árni.



Eftir Ruth Örnólfsdóttur  
**MOSFELLINGURIN**  
ruth@mosfellingur.is

## Þar lærði ég á lífið að miklu leyti

„Ég gekk í Varmárskóla og fór síðan í Gaggó Mos eins og það var kallað í den tíð. Ég átti auðvelt með að læra, ef ég hafði áhuga á faginu. Ef ekki gat ég eflaust verið nokkuð krefjandi og átti auðvelt með að sannfæra samnemendur um að slást með í för. Ég á kennurum mínum mikið að launa í því samhengi, að þessar elskur hafi haft þolinmæði fyrir mér þegar mest á reyndi.

Ég mætti í tvo daga í unglingsvinnu en fann strax að ég nenni ekki því hangsi. Var svo lánsamur að fá vinnu hjá Gísla í Dalsgarði og Nonna í Mosskógum, þar vann ég öll sumur þar til ég var 19 ára. Hjá þeim fékk maður betri laun, meiri ábyrgð og að keyra Löduna. Það var yndislegt að umgangast allt þetta litríka fólk í Mosfellsdalnum, Dalnum sem hefur ætíð átt sérstakan stað í mínu hjarta, þar lærði ég á lífið að miklu leyti.“

## Ég stökk á tækifærið

Ásgeir kláraði nám í félagsfræði við Borgarholtsskóla og að lokinni útskrift tók hann sér frí og fór að starfa hjá pípulagningameistara. Eftir eitt ár hóf hann nám í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

„Námið gekk vel en ég sá ekki tilganginn í náminu nema til að vera betur undirbúinn í kjaftbrúk í fjölskylduböðum. Þegar mér bauðst svo starf sem blaðamaður á DV stökk ég á tækifærið. Vann sem slúkur í 7 ár og sinni ýmsum verkefnum. Stýrði helgar- og innbláði þar sem ég tók forsiðuvíðtöl og skrifaði um menningu.

Eftir árin á DV leiddi handbolti og námsþorsti mig norður á Akureyri þar sem ég nam sjávarútvegsfræði. Að því loknu kláraði ég master í matvælafræði í HÍ.“

## Þetta er meiri áráttan en áhugamál

„Ég er í sambúð með Yrju Dögg Kristjánadóttur, ritara og styrktarþálfara, og hef verið síðustu 18 ár. Mín stærsta lukka var að kynna Yrju, við vegum hvort annað stórkostlega upp og hún heldur mér í jafnvægi. Við eigum þrjú börn, Viktoríu Nansý f. 2010, Jón Kristján f. 2014 og Bjartur Árna f. 2018 og hundana Esju og Móa. Við ferðumst mikið, stundum útivist og svo eru töluverð ferðalög í kringum íspróttir barnanna sem eru mikil forréttindi.

» **Ég er svo lánsamur að eiga maka og marga frábæra vini sem deila ævintýraþránni með mér.**

Mín helstu áhugamál eru handbolti, hreyfing, veiði og félagsskapurinn Fálkarnir. Ég er svo lánsamur að eiga maka og marga frábæra vini sem deila ævintýraþránni með mér. Handboltinn hefur fylgt mér frá átta ára aldri og er nær því að vera áráttan en áhugamál.“

## Sjö ár á flakki

Ásgeir hefur starfaði lengi í fjölmiðlum eða í rúm 10 ár, síðast hjá RÚV í vef-, útvarps- og sjónvarpsfréttum. Eftir að hann kláraði matvælafræðina 2016 bauðst honum starf hjá Háskólanum í Reykjavík.

„Starfið hjá HR fólst í því að koma á laggirnar nýrri námsbraut í Vestmannaeyjum, haftengdri nýsköpun. Þar bjuggum við fjölskyldan í tvö ár og það var dásamlegur tími, eins og má segja um árin okkar þrjú á Akureyri. Eftir sjö ár á flakki fluttum við

## HIN HLIÐIN

**Eitt atriði um þig sem fólk veit ekki um?** Ég var einu sinni með sítt hár.


**Besta ráð sem þú hefur nýtt þér?** Móðir mín lagði alltaf áherslu á kærleikann og að rækta andann, ég feta glaður þann veg eftir bestu getu.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert?** Ég er svo lánsamur að hafa gert ótal skemmtilega hluti um ævina, það skemmtilegasta er alltaf það sem er næst á dagskrá. Allar veiðiferðirnar, ógleymanlegar stundir með Fálkunum og almennt að rækta andann og vinskapið.


**Best á grillið?** Villibráðin sem ég veiði sjálfur.

**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?** Hjólabrettakarll.

**Mesta prakkarastrik sem þú hefur framið?** Þau eru óteljandi, ég var allvörv verkefni langt fram eftir aldri. Eitt eftirminnilegt er þegar ég steggjaði Halldór Laxness Halldórsson vin minn og „bókaði“ hann í uppistand hjá IKEA í tilefni af árs hátíð. Enginn hló í 20 mínútur, sennilega erfiðustu mínútur ferilsins hjá Dóra og upphafið að einum erfiðasta degi lífs hans. Elska þig Dóri.



Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP



5 ÁRA SNÁÐI

FORMANNSSKIPTI

aftur í Mosó og höfum verið hér síðan.

Hjá HR hef ég kennt í viðskipta- og hagfræðideild, veitt grunnnámi deildarinnar forstöðu og komið að hinum ýmsu nýsköpunar- og þróunarverkefnum. Í dag kenni ég ásamt frábæru teymi fjölmennasta háskólaáfangas landsins, Nýsköpun og stofnun fyrirtækja, og svo er ég jafnframt nýsköpunarfulltrúi í NeurotechEU.“

## Með skýr markmið í huga

Fyrir utan störfin hjá Háskólanum í Reykjavík hefur Ásgeir verið handbolta-sérfræðingur í fjölmiðlum og hlaðvörpum, þjálfari og viðburðahaldari. Hann tók að sér formannsembætti hjá uppeldisfélaginu Aftureldingu í vor og vonast til að geta látið gott af sér leiða.

„Það var persónulega mikill heiður að taka við þessu embætti enda harðari eldingarmaður vandfundinn,“ segir Ásgeir og brosir. „Þetta hefur nú þegar verið viðburðaríkur tími þar sem meistaraflokkarnir í blaki og handbolta hafa barist um titla líkt og síðustu ár og meistaraflokkur karla í knattspyrnu tryggði sér sæti í efstu deild í fyrsta sinn.

Ég tók þetta hlutverk að mér með skýr markmið í huga, að byggja upp innviði félagsins með því að fjölga stöðugildum sem styðja við okkar frábæra sjálfbodaliða. Við höfum setið eftir í samanburði við önnur félög og löngu tímabært að nútímavæða félagið að þessu leyti.

Áfram mun orka og tími fara í að bæta aðstöðu félagsins til að geta talist samkeppnishæft og eins að setja skýra félags- og afreksstefnu. Við búum í mögnuðu samfélagi með öflugum félagsmenningu en það er ekki sjálfsgáður hlutur. Þetta þarf að ræða, skilgreina og rækta markvisst,“ segir Ásgeir að lokum.



# Jóla- appdagatal

Við kynnum ný og vegleg apptilboð á jóla-  
vörum á hverjum degi frá 1. til 24. desember.

sunnudagur	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur
1 50% Nóa konfekt	2 5% Appsláttur af öllu	3 50% Jólaskraut	4 40% Baylis & Harding	5 50% Leikföng	6 50% Jólagos frá Ölgerðinni	7 20% Allar bækur
8 50% Klementínur	9 40% Quality Street	10 40% Jóla- smákökur	11 50% Bökunar- vörur frá Nóa Sírius	12 40% Nautalundir	13 35% Hamborgar- hryggur	14 40% Heill kalkúnn
15 40% Coke og Coke án sykurs, 20x330 ml	16 50% Niðursuðuvörur frá Änglamark, Coop og Xtra	17 40% Spil	18 35% Hangikjöt	19 40% Humar frá Humarsölunni	20 40% Ís frá Emmessís	21 30% Rjómi frá MS
22 50% 4x2 l Pepsi, Pepsi Max og Appelsín	23 50% Lay's snack	24 50% Jólanammi	Með appinu færðu appslátt af öllum vörum í hvert skipti sem þú verklar. Afslátturinn birtist sem inneign í appinu. Inneignina má nýta í verslunum um allt land.			

Meðan birgðir endast.



Sæktu  
appið og  
byrjaðu að  
spara!

# nettó

# Meistaraflokkur í körfubolta endurvakinn

Síðastliðið sumar tók körfuknattleiksdeild Aftureldingar þá ákvörðun að endurvekja meistaraflokk karla sem hafði ekki verið starfræktur frá vorinu 2015.

Hugmyndin er að byrja að byggja upp meistaraflokk sem ungir iðkendur Aftureldingar geta leikið með í framtíðinni og er þá til að byrja með horft til ríkjandi Íslandsmeistara í 9. flokki, strákar fæddir 2009 sem unnu fyrsta titil í sögu körfuboltans í Aftureldingu síðastliðið vor.

## Einn sigur í hús og framtíðin björt

Meistaraflokkurinn í vetur samanstendur að mestu af strákum sem hafa verið í yngri flokkum í Aftureldingu en farið í önnur lið eftir 10. flokk en einnig eru í liðinu ungir og efnilegir leikmenn úr öðrum liðum sem vildu koma og taka þátt í uppbyggingunni sem er í gangi.

Liðið leikur í 2. deild, 3. efstu deild, en í henni eru tíu lið og eitt þeirra fer upp í 1. deild að lokinni úrslitakeppni fjögurra efstu liðanna.

Fyrsti leikur liðsins var í lok september þegar lið Uppsveita af Suðurlandinu kom í heimsókn og sigraði Afturelding eftir framlangdan leik eftir mikla dramátík.

Eftir það hefur verið á brattann að sækja og liðið leikið sjö leiki og aðeins unnið einn þegar þetta er skrifað. Fram að júlum á liðið tvo leiki eftir.

Eins og kom fram í upphafi þá eru þetta fyrstu skrefin í uppbyggingarfasanum og allir sammála um að leiðin er bara upp og áfram.



## Ísfugl og Afturelding áfram í samstarfi

Handknattleiksdeild Aftureldingar og Ísfugl hafa undirritað framlangingu á samstarfi milli aðila en Ísfugl hefur verið aðalstyrktaraðili meistaraflokks karla í handbolta um árabil. Ísfugl hefur verið einn öflugasti bakhjarl handboltans í áraradír. Jón Magnús og Kristín, bændur á Reykjum og eigendur Ísfugls hafa stutt myndarlega við öflugan meistaraflokk Aftureldingar í handbolta karla, sem hefur verið í fremstu röð undanfarin ár. Ísfugl er eitt elst starfandi fyrirtæki landsins í vinnslu á kjúklinga- og kalkúnakjöti. Ísfugl hefur frá upphafi verið með starfsemi sína í Mosfellsbæ. Á meðfylgjandi mynd eru eigendur Ísfugls, Jón Magnús og Kristín, ásamt Sigurði Straumfjörð formanni meistaraflokksráðs karla í handbolta.



650 þátttakendur úr 8. flokki á vel heppnuðu móti

## Stærsta handboltamót Aftureldingar að Varmá

Afturelding hélt á dögnum stærsta mót vetrarins fyrir 8. flokk. Þar mættu um 650 krakkar í hús ásamt foreldrum, systkinum, öfum og ömmum.

Reikna má með að um 2.500 manns hafi farið í gegnum íþróttahúsið að Varmá.

Mótið tókst frábærlega og getur handknattleiksdeildin verið stolt að framkvæmd mótsins.

Allir krakkar fengu vegleg verðlaun eða verðlaunapening, Giffjar kanilsnúða, Giffjar bakpoka og innocent barnasafa. Deildin vill koma á framfæri miklum þökkum til ÖJK-ÍSAM fyrir samstarfið.

Afturelding var með sjö lið á mótinu, bæði stráka og stelpur. Gleðin var í fyrir-rúmi og stóðu krakkarnir sig frábærlega. Fullt af mörkum og vörðum skotum.



## Taka slaginn með Aftureldingu í Bestu deildinni

Afturelding mun á næsta ári spila í Bestu deild karla í fyrsta skipti í sögunni.

Undanfarnar vikur hafa Andri Freyr Jónsson, Arnór Gauti Ragnarsson, Aron Jónsson, Aron Elí Sævarsson, Bjarni Páll Linnet Runólfsson og Sævar Atli Hugason framlengt samninga sína við félagið. Allir þessir leikmenn hjálpuðu liðinu að komast upp í Bestu deildina í fyrsta skipti síðastliðið

íð sumar en Andri, Arnór Gauti og Sævar komu allir upp í gegnum öflugt yngri flokka starf Aftureldingar.

Æfingar eru nú hafnar fyrir komandi tímabil og eru fyrstu æfingaleikir fram undan á Malbikstöðinni að Varmá gegn Þrótti föstudaginn 29. nóvember kl. 18:00 og gegn Grindavík föstudaginn 13. desember kl. 18:00.



## Talsverð fjölgun í frjálsum í Mosó

Vetrarstarfið í frjálssípróttadeildinni fór af stað með miklum krafti nú í haust. Talsverð fjölgun iðkenda er í frjálsum og Gunnar Freyr og Soffía Dröfn halda þétt og vel utan um hóp af fjörugum og orkumiklum frjálssípróttaiðkendum. Nú þegar hefur hópurinn farið á tvö frjálssípróttamót, Bronsleikar ÍR í Laugardalshöll og Gafflarinn í Kaplakrika. Þar var keppt í hinum ýmsu greinum, þau yngstu keppa í prautabraut en þau eldri í hlaupa-, stökk- og kastgreinum. Fleiri mót eru fram undan og mikil tilhlökkun fyrir þeim. Ljóst er að framtíðin er björt í frjálsum. „Við biðum svo spennit eftir nýjum frjálssípróttavelli við Varmá sem verður gríðarlega góð aðstaða fyrir frjálssípróttastarfið.“





Velkomin í Hamrahlíð

# Jólasþógunurinn

## opnar sunnudaginn

### 8. desember kl. 13

Álafossskórinn  
tekur á móti gestum  
KL. 13:00

Skemmtilegar  
gönguleidir



Heitt kakó  
á boðstólum



Bæjarstjóri heggur  
fyrsta jólatréð

KL. 13:30

Einar þenur  
nikkuna

KL. 13:30

Jólasveinar  
á ferdinni  
KL. 13:15

Notaleg  
fjölskyldustund



**JÓLATRJÁASALA  
Í HAMRAHLÍÐ**  
við Vesturlandsveg 9.-23. desember  
**Opið kl. 10-16 um helgar**

Víkuna 9.-13. des. verður opið kl. 14.00-17.00  
Víkuna 16.-20. des. verður opið kl. 12.00-17.00  
Opið á Þorláksmessu kl. 10-16



Mosfellsbær

# Kjör íþróttafólks Mo



**Anton Ari Einarsson**

**Knattspyrna**

Anton Ari Einarsson er þrítugur að aldri. Hann er markvörður Breiðabliks í knattspyrnu og varð Íslandsmeistari með þeim í ár. Þetta var fjórði Íslandsmeistaratitill hans. Anton stóð í marki Breiðabliks í öllum 27 leikjunum sem liðið lék í mótinu og var lykilmaður í liðinu, enda hélt hann hreinu í níu leikjum, oftast en nokkur annar markvörður í deildinni.

Hann var valinn í úrvalslíð Bestu deildarinnar af Fótbolti.net. Anton lék einnig með Breiðabliki í Sambandsdeild Evrópu í ár.



**Benedikt Ólafsson**

**Hestaíþróttir**

Benedikt Ólafsson er 21 árs nemi í HR. Benedikt hefur verið sigursæll á keppnisbrautinni í yngri flokkunum og hefur hann unnið alla stærstu titla sem keppt er um í hestamennskunni.

Hann er ríkjandi tvöfaldur heimsmeistari og vann marga sigra á líðandi ári. Hann hefur nú lokið keppni í yngri flokkum og tekur þátt í fullorðins-flokki á næsta ári.

Hann var nýlega valinn í A landslið Íslands og fyrir liggur þátttaka hans á Heimsmeistaramóti íslenska hestsins í ágúst 2025.



**Guðjón Magnússon**

**Fimleikar**

Guðjón Magnússon er 16 ára. Lykilhlutverk hans í blönduðu landsliði Íslands í unglingsflokkum í fimleikum var óumdeilt, en liðið sigraði á Evrópumótinu 2024 í Bakú. Árangur Guðjóns undirstrikar hæfileika og yfirburðagetu hans innan fimleikahreyfingarinnar.

Mosfellsbær á í fyrsta skipti Evrópumeistara sem æfir fyrir félag bæjarins. Guðjón hefur í mörg ár verið ómissandi hluti af drengjaliðum deildarinnar sem hafa unnið fjölda Íslands- og bikarmeistaratitla, hann hefur ekki bara veitt leiðsögn heldur einnig innblástur fyrir yngri iðkendur.



**Hilmir Berg Halldórsson**

**Blak**

Hilmir Berg Halldórsson er 24 ára. Hann hefur verið lykilmaður í uppbyggingu karlaliðs blakdeildarinnar og var með í að skrá nýjan kafla í sögu félagsins þegar liðið lék til úrslita á Íslandsmótinu í ár.

Hilmir lék með landsliðinu í Silver League Evrópukeppninni en það er í fyrsta sinn sem Ísland tekur þátt í því móti. Hilmir er einstaklega tryggur félagsmaður og er persónuleiki hans og tryggð gagnvart félaginu sínu til mikillar fyrirmyndar.

Hann er góð fyrirmynd fyrir yngri iðkendur, bæði sem leikmaður og sem sjálfbóðaliði fyrir liðið sitt.



**Kristján Þór Einarsson**

**Golf**

Kristján Þór Einarsson er 36 ára. Hann átti frábært golfsumar þar sem hann endaði í 5. sæti á stigalista GSÍ í karlaflokki.

Sigur í meistaramóti GM á 17 höggum undir pari var toppur sumarsins og bætti hann mótsmet klúbbsins um 6 högg. Einnig endaði Kristján í 3. sæti í Íslandsmótinu í holukeppni á Akranesi. Í Íslandsmótinu í höggleik endaði Kristján jafn í 9. sæti, 8. sæti í Hvaleyrarbikarnum og jafn í 11. sæti í Korpubikarnum. Var hann í kjölfarið valinn í karlalið Íslands fyrir EM liða.



**Skarphéðinn Hjaltason**

**Judo**

Skarphéðinn Hjaltason er 20 ára. Hann hóf að æfa judo hjá Judofélagi Reykjavíkur ellefu ára gamall og er nú níu árum síðar orðin einn besti og öflugasti judo maður landsins.

Hann náði góðum árangri á árinu, varð Íslandsmeistari bæði í -90 kg flokki karla og opnum flokki karla, var með silfur á Norðurlandameistaramótinu í Svíþjóð bæði í karlaflokki og U21 árs flokki karla og á alþjóðlegu móti í Danmörku, Copenhagen Open, vann hann einnig til silfurverðlauna.

# Mosfellsbæjar 2024



**Hafþór Harðarson**

Keila

Hafþór Harðarson er 38 ára. Hann varð Íslands- og bikarmeistari með liði sínu ÍR-PLS á árinu 2024 og Íslandsmeistari para með Hafðísi Pálu Jónasdóttir sem einnig er úr Mosfellsbæ.

Hafþór er góð fyrirmynd ungra keilara.



**Helgi Kristberg Ólafsson**

Kraftlyftingar

Helgi Kristberg Ólafsson er 15 ára. Hann varð Íslandsmeistari í réttstöðulyftu í 93 kg þegar hann lyfti 230 kg.

Helgi tók þátt, yngstur alla, í Norðurlandamótinu í kraftlyftingum í september og lyfti þar 180 kg í hnébeygju, 122 kg í bekkpressu og 240 kg í réttstöðulyftu. Hann var valinn í landslið Íslands á árinu.

Helgi er gríðarlega samviskusamur og æfir nánast á hverjum degi, 2 til 3 tíma í senn. Þar fyrir utan er hann ávallt tilbúinn að aðstoða við mót og annað.



**Wiktor Sobczynski**

Taekwondo

Wiktor Sobczynski er 22 ára. Hann er uppalinn hjá Aftureldingu. Á árinu 2024 fékk hann silfur á Norðurlandamóti í bardaga í taekwondo. Þá er hann Íslandsmeistari í bardaga og var valinn maður Íslandsmótsins. Hann vann sinn flokk á öllum bikarmótum á bikarmótaröðinni 2023-2024.

Wiktor er mjög samviskusamur og duglegur við æfingar. Hann er góð fyrirmynd bæði innan og utan vallar.



**Þorsteinn Leó Gunnarsson**

Handbolti

Þorsteinn Leó Gunnarsson er 22 ára. Hann hefur verið einn efnilegasti handboltamaður Íslands undanfarin ár og er nú orðinn einn sá allra besti sem við eigum.

Hann var kjölfesta í liði Aftureldingar sem spilaði til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn á árinu 2024. Eftir tímabilið í vor gerðist hann atvinnumaður með Porto í Portúgal og hefur hann í nýlegum landsleikjum sannað að hann gæti skipt sköpum í vegferð landsliðsins á næsta stórmóti.

## Kynning á íþróttafólki sem tilnefnt er og afrekum þess á árinu

Tíu konur og tíu karlar hafa verið tilnefnd af íþrótt- og tómstundanefnd Mosfellsbæjar til íþróttafólks Mosfellsbæjar 2024. Eins og áður gefst bæjarbúum kostur á, ásamt íþrótt- og tómstundanefnd Mosfellsbæjar, að kjósa íþróttafólk ársins.


Netkosning stendur yfir frá 28. nóvember til og með 12. desember 2024. Velja skal í 1., 2. og 3. sæti í kvenna- og karlaflokki. Kosningin er ekki gild nema valið sé í öll þrjú sætin.

Tilkynnt verður um valið þann 9. janúar.

Kosning fer fram á [minarsidur.mos.is](https://minarsidur.mos.is)



# Kjör íþróttafólks Mo



**Amalía Ósk Sigurðardóttir**  
Lyftingar

Amalía Ósk Sigurðardóttir er 27 ára. Hún varð Íslandsmeistari í 64 kg flokki í ólympískum lyftingum á árinu. Hún er í fremsta flokki íslenskra lyftingakvenna og með fast sæti í landsliðinu. Hún hefur ávallt keppt fyrir Mosfellsbæ og er frábær fyrirmynd.

Amalía hefur tryggt sér þátttökurétt á heimsmeistaramótinu í ólympískum lyftingum í Barein.

Amalía hefur sýnt ótrúlega fórnfýsi og tryggt við ólympískar lyftingar og Mosfellsbæ síðasta áratug.



**Aþena Rán Stefánsdóttir**  
Taekwondo

Aþena Rán Stefánsdóttir er 17 ára. Hún hefur æft taekwondo hjá Aftureldingu síðan hún var 7 ára. Árið 2024 vann Aþena bikarmót bæði í einstaklings og para poomsae. Hún er einnig Íslandsmeistari í einstaklings, para og hópa poomsae. Þá var hún valin kona mótsins bæði á Íslandsmótinu og bikarmótinu.

Hún er í landsliði Íslands og tók þátt í bæði Danish Open og Austria Open. Hún komst í undanúrslit á báðum mótunum.

Aþena Rán er mjög samvissuök og dugleg við æfingar. Hún er góð fyrirmynd bæði innan og utan vallar.



**Erna Sóley Gunnarsdóttir**  
Kúluvarp

Erna Sóley Gunnarsdóttir er 24 ára. Hún skaraði fram úr á árinu, setti Íslandsmet í kúluvarpi kvenna (17,91) og vann sér inn þátttökurétt á heimsmeistaramótinu innanhúss, Evrópumeistaramótinu utanhúss og sjálfum Ólympíuleikum í París. Þar varð hún fyrst íslenskra kvenna til að taka þátt í kúluvarpi á Ólympíuleikum.

Aðeins fjórir aðrir Íslendingar unnu sér rétt til þátttöku á Ólympíuleikum í ár.



**Hafðís Pála Jónasdóttir**  
Keila

Hafðís Pála Jónasdóttir er 29 ára. Hún átti mjög gott keiluár, hún varð Íslandsmeistari einstaklinga og sömuleiðis Íslands- og bikarmeistari með liði sínu KFR-Valkyrjum.

Nú í október varð hún Íslandsmeistari para með Hafþóri Harðarsyni sem einnig er úr Mosfellsbæ.

Hafðís Pála er góð fyrirmynd ungra keilara.



**Halldóra Huld Ingvarsdóttir**  
Utanvegahlaup

Halldóra Huld Ingvarsdóttir er 36 ára. Hún er ein fremsta utanvegahlaupakona landsins auk þess sem hún hefur náð góðum árangri í styttri hlaupum innanhúss.

Hún byrjaði árið á því að slá Íslandsmet í sínum aldursflokkum í 800 m, 1500 m, 3000 m og 5000 m hlaupum innanhúss. Hún tók þátt í EM í utanvegahlaupum, sigraði Mt. Esja Ultra hálfmarapónið og Snæfellsjökulshlaupið. Hún tók þátt í CCC by UTMB sem er 101 km hlaup með 6.100 m hækkun og náði góðum árangri þar.



**Sól Snorradóttir**  
Fjallabrun

Sól Snorradóttir er 18 ára. Hún varð á árinu 2024 Íslandsmeistari í fjallabruni, en hún keppir fyrir Hjólreiðafélag Reykjavíkur. Þetta var hennar fyrsti Íslandsmeistaratitill. Með þessum árangri hefur Sól ekki aðeins lyft grettistaki fyrir sjálfa sig heldur einnig fyrir íþróttafélagið sitt og Mosfellsbæ.

Hún er fyrirmynd fyrir aðra fjallabrunara í bænum, sérstaklega ungar stúlkur, og hefur með frammistöðu sinni stuðlað að aukinni athygli á fjallabruni sem íþróttagrein.

# Mosfellsbæjar 2024



**Eva Kristinsdóttir**

Golf

Eva Kristinsdóttir er 17 ára. Hún varð í 2. sæti í fullorðinsflokki á stigamótaröð GSÍ, endaði jöfn í 4. sæti á Íslandsmóttinu í högggleik og varð í 3. sæti á Íslandsmóttinu í holukeppni. Í Íslandsmótti golfklúbba tryggði hún GM sigur með sigri í bráðabana á móti atvinnukylfingi.


Hún keppti fyrir hönd Íslands á EM og HM landsliða 18 ára og yngri með góðum árangri. Einnig varð hún Íslandsmeistari U18 í holukeppni og önnur á stígalista GSÍ í unglingsflokki.



**Guðrún Elísabet Björgvinsdóttir**

Knattspyrna

Guðrún Elísabet Björgvinsdóttir er 24 ára. Hún átti mjög gott tímabil með knattspyrnuliði Vals sem varð bikarmeistari á árinu ásamt því að lenda í öðru sæti á Íslandsmóttinu eftir harða baráttu við Breiðablik. Guðrún Elísabet skoraði meðal annars mark Vals í bikarúrslitaleiknum og tók þátt í báðum leikjum Vals í undankeppni Meistaradeildar Evrópu.



**Valdís Unnur Einarsdóttir**

Blak

Valdís Unnur Einarsdóttir er 21 árs. Hún hefur stundað blak frá barnsaldri hjá blakdeild Aftureldingar. Árið 2024 varð Valdís Unnur bikarmeistari og fékk silfur á Íslandsmóttinu með Aftureldingu ásamt því að vera valin í draumalið Íslandsmótsins í vor, líkt og þrjú undanfarin ár. Valdís var einn af lykilleikmönnum landsliðsins þegar liðið tók þátt í Silver League Evrópukeppni í fyrsta skipti í ár. Valdís Unnur er mjög metnaðarfullur leikmaður og mikil fyrirmynd yngri leikmanna jafnt sem leikmaður og sem sjálfboðaliði.



**Þórey Rósa Stefánsdóttir**

Handbolti

Þórey Rósa Stefánsdóttir er 35 ára. Hún leikur með Fram í Olísdeild kvenna í handbolta. Þórey Rósa hefur verið búsett í Mosfellsbæ síðan 2016, eftir að hún flutti heim til Íslands eftir átta ára veru erlendis í atvinnumennsku.

Þórey hefur spilað 140 leiki fyrir Ísland og er í liðinu sem tekur þátt í úrslitakeppni EM í lok árs 2024. Þórey Rósa er lykilmáður í liði Íslands og ein af fyrirliðum liðsins.



## Kynning á íþróttafólki sem tilnefnt er og afrekum þess á árinu

Tíu konur og tíu karlar hafa verið tilnefnd af íþrótt- og tómstundanefnd Mosfellsbæjar til íþróttafólks Mosfellsbæjar 2024. Eins og áður gefst bæjarbúum kostur á, ásamt íþrótt- og tómstundanefnd Mosfellsbæjar, að kjósa íþróttafólk ársins.

Netkosning stendur yfir frá 28. nóvember til og með 12. desember 2024.

Velja skal í 1., 2. og 3. sæti í kvenna- og karlaflokki. Kosningin er ekki gild nema valið sé í öll þrjú sætin.

Tilkynnt verður um valið þann 9. janúar.

Kosning fer fram á [minarsidur.mos.is](https://minarsidur.mos.is)



## Kvennakórinn Stöllurnar heldur jólatónleika í Bæjarleikhúsinu

Kvennakórinn Stöllurnar mætir til leiks með splunkunýtt alíslenskt jólaprógramm í Bæjarleikhúsið í Mosfellsbæ 3. og 4. desember.

Stöllurnar hafa á haustmánuðum verið að undirbúa nýja prógrammið af kappi og hafa sungið jólatóna síðan í sumarlok. Þær hlakka mikið til að taka á móti bæjarbúum með bros á vör og jól í hjarta. Hægt er að panta miða á [kvennakorstollar@gmail.com](mailto:kvennakorstollar@gmail.com)

Stöllurnar eru sem fyrr undir dyggri

leiðsögn Heiðu Árnadóttur kórstjóra og meðleikarar að þessu sinni verða Árni Ísaksson á harmonikku og orgel, og Ásbjörg Jónsdóttir á píanó.

Agnes Wild aðstoðar við uppsetningu.

Útsetningar eru eftir Aðalheiði Þorsteinsdóttur, Gunnar Gunnarsson, Gísli Magna, Ásbjörgu Jónsdóttur, Kristínu Jóhannesdóttur, Margot Kiis og Andrés Alén.

Tónleikarnir hefjast kl. 20:00, húsið opnar kl. 19:30 og er aðgangseyrir litlar 2.500 kr., enginn posi er á staðnum.

## Lionskonur selja leiðisgreinar

Það er alltaf jafn ánægjulegt að koma saman á nýju starfsári. Halda fundi einu sinni í mánuði og þess á milli hittast óformlega í leik og starfi.

Á fundunum eru fengnir fyrirlesarar með eitthvert áhugavert efni. Í haust hafa komið til okkar Steinunn Benediktsdóttir sem flutti erindi í máli og myndum um skemmtilega ferð nokkurra félaga til Perú. Þá kom Heimir Tryggvason og sagði frá starfi í Ásgarði. En þar fer fram ótrúlega flott starf með fjölfötluðum einstaklingum. Þess má geta að þeir verða með opið hús hjá sér í desember

Klúbburinn tók þátt í birkirfræsöfnun í haust og var með blóðsykursmælingu í samstarfi við Lionsklúbb Mosfellsbæjar í Krónunni nýlega. Eins var farin haustferð í Hrunamannahrepp og einnig hafa fyrirtæki verið heimsótt.

Þá lætur Lions sig umhverfismál varða og hefur sinnt þeim á ýmsan hátt. Eitt er það að Úur útbúa leiðisgreinar úr vistvænu efni og selja á aðventunni en það er stærsta fjárföflun klúbbsins.

Þarna er eingöngu notað umhverfisvænt efni. Ekkert plast eða vírar. Mikil umræða er í þjóðfélaginu um loftlagsmál og vill klúbburinn leggja sitt af mörkum í minnk-



andi kolefnisspori. Öll innkoma af sölunni fer í styrktarsjóð klúbbsins og rennur til góðgerðamála.

Þá verður klúbburinn með borð á markaði sem verður í Hlégarði þann 14. desember. Þar verða greinarnar til sölu ásamt einhverju jólatengdu. Einnig er hægt er að panta greinar í gegnum netfangið [sina1053@gmail.com](mailto:sina1053@gmail.com). Lionsklúbburinn Úa er einnig á facebook.

# JÓLABINGÓ

3. DESEMBER - 17:30-19:00




Barna og unglingaráð GM ætlar að halda jólabingó á Blik þriðjudaginn 3. desember kl. 17:30-19:00 til styrktar starfinu.



Tilboð verður á mat og ef þið viljið tryggja ykkur borð þá þarf að panta í gegnum Blik á Dineout.



Hvetjum ykkur til að mæta og bjóða ömmum og öfum, frænkum og frændum og vinum og vandamönnum, og eigum saman skemmtilega stund á aðventunni.



## Kynningarfundur

Lionsklúbbs Mosfellsbæjar  
fimmtudaginn

23. janúar 2025  
(nánar auglýst síðar)



Lionsklúbbur  
Mosfellsbæjar



## Laus störf í Mosfellsbæ

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum má sjá og sækja um á ráðningarvef bæjarins: [www.mos.is/storf](http://www.mos.is/storf)



Mosfellsbær

[www.mos.is](http://www.mos.is)

525 6700





Holda  
KALKÚNN

REYKJABÚIÐ

- SÍÐAN 1947 -

Íslenskur kalkúnn  
í veisluna





Alþjóðleg Lego keppni • Vélmennakeppni og kynning

# Lágafellsskóli tók þátt í First Lego League

Þann 16. nóvember tóku nemendur Lágafellsskóla þátt í alþjóðlegu Lego keppninni First Lego League sem fram fór í Háskólabíói.

Þetta var í fjórða skipti Lágafellsskóli tekur þátt. Keppendurnir í þetta sinn voru Adam, Alex, Baldvin, Daniel, Sara, Sigurður, Sóldís Lilja, Svana og Tinna og leiðbeinandi var Iðunn Ómarsdóttir.

## Umsögn frá nemendum

„Okkur gekk vel í keppninni. Okkur gekk mun betur en við vorum að búast við og fengum fleiri stig en okkur hefði dottið í hug. Kynningin okkar gekk mjög vel, sem

og vélmennakeppninni og hópurnar starfadi vel saman.

S.Æ.V.A.R. er nafnið á liðinu okkar, og kemur það frá nokkurs konar lukkudýri okkar sem var skjaldbaka og hét Sævar.

Básinn okkar var mjög flottur að okkar mati og vorum með nokkra leiki fyrir almenning. Við unnum ekki neitt en þó var viðburðurinn verulega skemmtilegur og fannst okkur öllum gaman að taka þátt og mæta á staðinn.

Við getum ekki tekið þátt aftur, enda erum við öll í 10. bekk, en mælum með því fyrir næstu bekk að taka þátt og bara hafa gaman.“



SKÓLA  
HORNID

## Sofðu rótt í alla nótt

Góður svefn er einn af lykilþáttum þess að við getum tekist á við viðfangsefni dagsins en kannski sá þáttur sem við gefum minnstan tíma.

Í dag er margt sem fangar huga unga fólksins okkar, má þar nefna sjónvarp, internetið auk annarra snjalltækja sem sífellt taka meiri tíma.

Börn og ungmenni sem tileinka sér góðar svefnvenjur eru hamingjusamari, borða hollari mat, eiga auðveldara með að takast á við streitu og eru líklegri til þess að stunda reglubundna hreyfingu. Áhrif góðs svefns eru ótvíræð, hann hefur góð áhrif á námsgetu, einbeitingu og minni, eflir ónæmiskerfið auk þess að vera nauðsynlegur fyrir vöxt og þroska barna og ungmenna.

Nýverið var gerð rannsókn meðal unglinga þar sem kom fram að einungis um 60% svarenda eru að sofa 8 klukkustundir eða meira á nóttu en svefnþörf barna og unglinga er að jafnaði talin vera 8-10 klst. 45% svarenda fannst þeir fá nægilegan svefn á virkum dögum.

Hlutverk foreldra er undirstaðan að



því að koma þessari þróun í góðan farveg. Við þurfum að styðja börn og ungmenni í að tileinka sér venjur sem hjálpa þeim að ná betri árangri og bæta sjálfsmynd þeirra.

Einfaldar leiðir sem stuðla að betri svefni eru í fyrsta lagi að tileinka sér góða rúttinu

þegar kemur að kvöldvenjum, fara alltaf að sofa um svipað leyti, slökkva á snjalltækjum. Birtan frá tækjum raskar svefnhormónum sem hefur neikvæð áhrif á svefn. Í öðru lagi er að neyta ekki matvæla sem innihalda koffín eða sykurlaust fyrir svefn. Áhyggjur og streita geta haft neikvæð áhrif á svefn og því mikilvægt að ræða saman og eiga góð og uppbyggileg samskipti við börnin okkar.

Góðar fyrirmyndir eru mikilvægar þegar kemur að góðum venjum, því það sem við gerum mikið af, gera börnin okkar mikið af. Ef við tileinkum okkur góðar venjur þá gera börnin okkar það líka.

Kristín Edda Guðmundsdóttir  
Ráðgjafi leik- og grunnskóla

FRÆÐSLU- OG FRÍSTUNDASVIÐ MOSFELLSBÆJAR

HLÉGARÐUR Á ÞORLÁKSMESSU

# Skötuþhlaðborð



Hið margrómaða skötuþhlaðborð í Hlégarði verður haldið í hádeginu á Þorláksmessu.

Trúbadorinn og Mosfellingurinn Bjarni Ómar mætir með gítarinn og flytur vel valin lög úr lagasafni Bubba Morthens.

Hlaðborð að hætti hússins með öllu tilheyrandi. Hægt er að velja um borð kl. 11:30 og 13:30.

Forsala fer fram á Tix.is, hópar geta látið vita af sér í gegnum netfangið hlegardur@mos.is.

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI Á TIX.IS

7.490 KR.

Í HÁDEGINU

11:30

13:30





NÁUM  
NÖNNU Á ÞING!

Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir 2. sæti Suðvesturkjördæmi



Kynntu þér málin  
nánar á [miðflokkurinn.is](http://miðflokkurinn.is)

ÁFRAM ÍSLAND  
MIÐFLOKKURINN

X M



# Jólamarkaður

Dagskrá á sviði  
og jólasveinar á  
vappi

## HLÉGARÐUR

14. desember  
kl. 12 - 17

Meðal þeirra sem verða með sölubás eru:

Máttur kjarnans, Lionsklúbburinn Úa, Þrisbrúargætur, Uglu handverk,  
Bara Þanna, Beautystar snyrtistofa, Þagþjónustan Skjól, Afturelding, Corax,  
Blikbistro, Listapúkinn, Instaprent.is, Sigurbjörg.net, Jólaglökk Begga,  
Ásgarður, Kaffi Sæti, Kjötbúðin,  
Þrafnhetta, Karlar í Skírum Mosfellsbæ,  
Kiwanisklúbburinn Mosfell, Oliulindin ásamt fleirum

30. nóvember 2024



## Kosningar til Alþingis

**Kosningar til Alþingis fara fram  
laugardaginn 30. nóvember.**

Kjörskrá vegna kosninga til Alþingis liggur frammi almenningi til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar að Þverholti 2, á auglýstum opnunartíma.

Á vef Landskjörstjórnar [kosning.is](https://kosning.is) er að finna upplýsingar um kosningar til Alþingis, þar á meðal um hvar kjósandi á að kjósa. Jafnframt er ýmsar hagnýtar upplýsingar að finna á vefnum [mos.is/kosningar](https://mos.is/kosningar).

Í Mosfellsbæ er kjörstaður í Lágafellsskóla við Lækjarhlíð og stendur kjörfundur frá kl. 9–22.

Aðsetur yfirkjörstjórnar á kjördag verður á sama stað. Í kjörstjórn Mosfellsbæjar eru Elín Árnadóttir formaður, Haraldur Sigurðsson og Júlíana Guðmundsdóttir.

Bæjarstjórnin í Mosfellsbæ

Mosfellsbær

Þverholti 2

525-6700

[www.mos.is](https://www.mos.is)

# Hverjum treystið þið?

Á laugardaginn er komið að kosningum til Alþingis. Þá kemur í ljós hverjum þjóðin treystir til þess að leiða íslenskt samfélag inn í framtíðina.

Við í Viðreisn höfum verið í samtali við kjósendur um allt land þar sem við höfum lagt okkur fram um að hlusta á hvað það er sem brennur á fólki.

Þar kemur skýrt í ljós að fólk er orðið langþreytt á því að kerfin okkar eru brotin, margir eiga erfitt með að ná endum saman, matarkarfan hækkar og hækkar, ungt fólk sér fyrir sér betri framtíð annars staðar en á Íslandi, kennarar eru langþreyttir á erfðri stöðu, fólk kemst ekki í sálfræðipjónustu því það hefur ekki efni á því og börnunum okkar líður verr.

Þessu viljum við breyta.

## Mosfellingar fyrir Mosfellinga

Rödd Mosfellinga er sterk á lista Viðreisnar í Suðvesturkjördæmi. Listinn er skipaður fimm Mosfellingum sem búa hér og tveimur til viðbótar sem ólust upp í Mosfellsbæ.

Valdimar Birgisson er í 5. sæti, Ester Halldórsdóttir er í 6. sæti, Elín Anna Gísla-



dóttir er í 8. sæti, Tamar Klara Lipka Þormarsdóttir er í 10. sæti, Helgi Pálsson er í 17. sæti, Guðrún Þórarinsdóttir er í 26. sæti og Lovísa Jónsdóttir er í 28. sæti.

## Kjösum framtíðina

Munum það að kosningar eru tækifæri okkar sem þjóðar að hafa áhrif á samfélagið okkar og móta það til framtíðar. Við í Viðreisn höfum skýra sýn á hvaða forgangsmál skipta máli.

Hér þarf að ná niður vöxtum og verðbólgu. Við þurfum að styrkja og endurskipuleggja heilbrigðiskerfið svo að fólk fái þá aðstoð sem það þarf en hangi ekki á biðlistum svo árum skipti - þá sérstaklega börnin okkar. Og við þurfum að búa við frelsi þar sem við fáum, hvert og eitt okkar, að vaxa og dafna og leggja okkar til samfélagsins.

Því bið ég ykkur kærur Mosfellingar að hafa okkur í Viðreisn í huga þegar þið gangið inn í kjörklefann. Setjum x við C og kjósum þá sem þora að breyta því sem ekki þjónar sínum tilgangi lengur.

Elin Anna Gísladóttir

# Að eldast með reisn

Við Vinstri græn leggjum ríka áherslu á öflugt velferðarkerfi sem grípur og sinnir öllum aldursþópum. Eldra fólk á rétt á góðri þjónustu sem og að því sé mætt af virðingu og skilningi.

Í ríkisstjórnartíð Vinstri grænna höfum við umbætur í þjónustu við eldra fólk. Grunnhugsunin er sú að eldra fólk er ekki byrði á samfélaginu heldur hefur það ótvírætt virði.

## Það á að vera gott að eldast

Aðgerðaáætlunin „Gott að eldast“ er samstarfsverkefni félags- og vinnumarkaðsráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis sem ég fékk samþykka á Alþingi. Hún felur í sér grundvallarbreytingu á fyrirkomulagi þjónustu við eldra fólk með það að markmiði að veita betri og heildstæðari þjónustu, gera fólk kleift að búa lengur heima hjá sér, efla dagdvalir og endurhæfingu og draga úr þörf á hjúkrunarrýmum. Þessi vinna er hafin með þróunarverkefnum víða um land.

## Bætum kjör þeirra sem minnst hafa

Annað forgangsverkefni er að hækka framfærslu þeirra í hópi eldra fólks sem minnstar tekjur hafa. Við tökum skref í þá átt í fjárlögum næsta árs að mínu frum-



kvæði, þar sem almennt frítækjumarkeðillífeyris verður hækkað.

Þessu þarf að fylgja eftir með frekari kjarabótum á næsta kjörtímabili. Markmiðið á að vera að ellilífeyrir þeirra sem engar aðrar tekjur hafa sé aldrei lægri en lágmarkslaun.

## Aukum samskipti kynslóða

Ég hef einnig talað fyrir því að efla tengsl milli kynslóða, þar sem hin yngstu í samfélaginu geta lært af reynslu og vísu þeirra eldri.

Sjálfur naut ég þeirrar gæfu í æsku að umgangast ömmu mína á hverjum degi. Þessi samskipti eru ómetanleg, þar sem þau flytja menningu og þekkingu á milli kynslóða og skapa dýrmæt看n félagskap.

## Verjum velferðina

Varðstaða um velferðarkerfin og grunninnviðina eru hluti af hjartslætti okkar Vinstri grænna. Saman getum við séð til þess að Ísland verði samfélag sem tryggir heilbrigða öldrun.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson  
Varaformaður VG og skipar 1. sæti VG í Suðvesturkjördæmi

# Menning í aðdraganda jóla

Í Mosfellsbæ er mikið um að vera í menningar- og listastarfi í kringum jólin.

Fyrst ber að nefna frábæran jóla-listamarkað í Listasal Mosfellsbæjar, þar sem yfir 50 listamenn sýna og selja list sína. Hugmyndin að þessari samsýningu kom frá íbúa bæjarins og var lögð fyrir menningar og lýðræðisnefnd sem samþykkti að í stað hefðbundinnar listasýningar í desember, yrði prófað að hafa samsýningu margra listamanna, eins konar listaverka-jólamarkað.

Óhætt er að segja að vel hefur tekist til með fjölbreytni verka og hvetjum við alla Mosfellinga að gefa sér tíma til að kíkja á þennan markað sem stendur til 20. desember.

Um næstu helgi verða ljósin tendruð á jólatrénu okkar á Miðbæjartorgi með fjölbreyttri og skemmtilegri dagskrá. Hlégarðstún er prýtt jólaljósum, en hugmyndin um jólagarð við Hlégarð var ein af þeim hugmyndum sem kosnar voru til framkvæmdar



í lýðræðisverkefninu Okkar Mosó 2021.

Fjölbreyttar upptakomur verða í garðinum á adventunni og vel þess virði að brjóta upp skammdegið og heimsækja Hlégarðstúnið í aðdraganda jóla. Einnig verður mikið um að vera í félagsheimilinu okkar, Hlégarði. Þar má nefna jólamarkað, listaskólinn heldur jólatónleika svo eitthvað sé nefnt og að sjálfsgöngu mögnuð skótuveisla á Þorlákssmessu.

Gaman hefur verið að fylgjast með og fá að taka þátt í að styðja við þær frábæru hugmyndir sem koma frá íbúum í að skapa það blómlega menningar- og listalíf sem er í bænum og hversu vel íbúar mæta og taka þátt í því sem er að gerast í Mosfellsbæ. Öflugt menningarlíf gerir mannlífið í Mosó betra.

Hrafnhildur Gísladóttir,  
formaður menningar- og lýðræðisnefndar Mosfellsbæjar

# Veldu leið sem virkar

Nú renna upp síðustu klukkustundir kosningabaráttunnar. Á laugardaginn er kosið milli tveggja leiða.

Annars vegar Reykjavíkurmódelisins, undir forystu flokkaanna sem þar leiða. Hins vegar leiðar okkar sjálfstæðismanna, sem hefur endurspeglast í rekstri sveitarfélaganna í Suðvesturkjördæmi.



ekki að höfuðborgin reki stöðugt lestina í þeim efnum. Samhliða þarf að afnema óþarfa þröskulda á borð við stimpilgjöld og efla séreignarleiðina enn frekar, sem hefur hjálpað tugum þúsunda íslenskra fjölskyldna að eignast eigið húsnæði.

## ... sem aldna

Við heyrum sömuleiðis eðlilegt ákall um að styðja enn betur við fólk á seinni hluta æviskeiðsins. Fólk sem byggði upp landið okkar og lagði hér grunn að lífskjörum sem eru með þeim bestu í heiminum á skilið áhyggjulaust ævkvöld. Hér á að vera gott að eldast.

Við viljum sveigjanlegri starfslok og ætlum að hækka frítækjumarkeðillífeyris. Þar munar mestu um frítækjumarkeðillífeyris - ekkert hjálpar fólk meira en að gera því kleift að hjálpa sér sjálf. Nýta verður tækifærin í nýju fyrirkomulagi við uppbyggingu hjúkrunarheimila, en það er ekki síður mikilvægt að veita betri þjónustu svo fólk geti búið lengur á sínu eigin heimili.

## Taktískar kosningar

Það er skiljanlegt að margir kalli eftir breytingum við kosningar. Hins vegar er mikilvægt að þær breytingar felist ekki í kollsteypum fólks sem við þekkjum alltof vel af vettvangi Reykjavíkurstjórnarinnar, sem nú vill einnig taka við taumunum á landsvísu.

Þær breytingar sem mestu skipta að mínu mati eru þessar: Lægri álögur á fólk og fyrirtæki, fleiri tækifæri fyrir fólk til að blómstra og bæta hag sinn á sínum eigin forsendum, opinber þjónusta þar sem lausnirnar fæðast úti í samfélaginu - ekki eingöngu á forsendum ríkisins.

Til að koma þessum breytingum til leiðar þarf að kjósa taktískt, og eina taktíska kosningin í þeim efnum er stærri Sjálfstæðisflokkur.

Bjarni Benediktsson  
forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



...fylgstu með okkur

www.facebook.com/mosfellingur

# Tillögur til fjárhags- áætlanagerðar

Í lok hvers árs þarf að horfa fram á veginn og leggja drög að því hvernig verja skuli því fjármagni sem skilar sér til sveitarfélagsins í formi útsvars og gjalda.

Vinir Mosfellsbæjar hafa lagt fram fimm tillögur til fjárhagsá-  
ætlanagerðar.



er í takti við nýlega samþykkt um úttekt á upplýsingatæknimálum.

## Almenningssamgöngur

Vinir Mosfellsbæjar leggja til að Mosfellsbær taki forystu í að efla almenningssamgöngur sem raunhæfan valkost og leggja til þrjár tillögur þar að lútandi.

**Tillaga 1:** Lagt er til að leið 15 verði gerð að borgarlínuhraðstrætó til að stytta eins og kostur er ferðatíma milli Mosfellsbæjar og Reykjavíkur.

**Tillaga 2:** Lagt er til að settur verður á laggirnar innanbæjarstrætó sem keyrir á 15 mínútna fresti eftir leiðum sem tengja hverfi Mosfellsbæjar og koma þannig í staðinn fyrir þann hluta af núverandi leið 15 sem tillaga 1 tekur til, sem og núverandi leið 7. Innanbæjarstrætó fæðir jafnframt hraðstrætó númer 15 farþegum sem halda áfram út fyrir bæjarmörkin.

**Tillaga 3:** Lagt er til að frítt verði í strætó fyrir börn í 7.-10. bekk grunnskóla bæjarins (12-16 ára) sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Eins er lagt til að Mosfellsbær hvetji jafnframt eldri ungmenni til notkunar almenningssamgangna með því að tryggja 50% niðurgreiðslu á Nema korti strætó til 18 ára aldurs.

Þessar tillögur eru lagðar fram í ljósi þess að langt er í að borgarlínan komi í bæinn. Breytingar á rótgrónum venjum og hugarfari taka langan tíma og því ekki til neins að biða ef tryggja á að þær gríðarlegu fjárfestingar sem borgarlínan kallar á skili fullum ávinningi þegar þeim lýkur.

Við förum úr því að reka lestina í það að draga vagninn og bjóða upp á samtalið um breytta tíma.

Dagný Kristinsdóttir  
Bæjarfulltrúi Vina Mosfellsbæjar

## Námssjóður

Sú fyrsta er tillaga að stofnun námssjóðs fyrir starfsfólk sveitarfélagsins. Hugmyndin vaknaði í umræðu um fólkid okkar sem sinnir lægst launuðustu störfunum og er með litla menntun að baki.

Hugsunin er sú að sjóðurinn verði hvatning fyrir starfsfólk til að sækja sér menntun og jafnvel geri fólk þáð kleift.

## Fjármálaráðgjafar fyrir skólastjórnendur

Grunnskólar bæjarins eiga það sameiginlegt að vera fjölmennir og stórir. Auknar kröfur eru á hendur skólastjórnenda um að vera faglegir leiðtogar og reka óaðfinslega skóla. Þeir eiga að vera sýnilegir, tengjast starfsmönnum, nemendum, foreldrum og samfélaginu og innleiða nýjar stefnur. Til að okkar stjórnendur geti staðið undir þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra þurfum við að skapa þeim svigrúm til þess.

Góður stuðningur af hálfu sveitarfélags við skólastjórnendur sína er að veita þeim stuðning í fjármálum. Að þeir hafi fjármálaráðgjafa sem getur tekið saman upplýsingar um stöðu fjármála, hver staðan á stöðuhlutföllum í skólanum sé og geti veitt ráðleggingu er gríðarlega mikilvægt.

Með því aukast líkur og skilningur á að skóli standist fjárveitingar eða hljóti auka-fjárheimildir eftir því sem nauðsynlegt er. Eins fæst yfirsýn yfir það hvernig fjármunum er varið sem getur aukið skilvirkni og

# Með enga menn og engin vopn?

Við í Framsókn verðum seint vænd um það að sitja með hendur í skauti. Í 108 ár hefur Framsókn unnið að velferð og framförum okkar allra, óþreytandi og óslítandi sama hvernig á okkur viðrar.

Stjórnarsamstarfið, síðasta misserið áður en Sjálfstæðisflokkurinn ákvað upp á sitt einsdæmi að sprengja ríkisstjórnina, var oft erfitt.

Við höldum þó ótraud áfram að berjast fyrir okkar hjartans málum, að styrkja fjölskyldur, börnin okkar, heilsuna og öryggi fólks í lífi og starfi enda er sú barátta hryggjarstykkid í hugsjón Framsóknar og þar gefum við engan afslátt. Þetta er okkur mikilvægast.

Að því sögðu verður að segjast að undanfarnar vikur hafa verið okkur þungur róður, óánægja fólks á liðnu stjórnarsamstarfi og ítrekaðar atlögur að flokknum af hálfu stjórnarandstöðunnar þar sem sannleikurinn virðist með öllu virtur að vettugi er erfitt að kyngja og ómögulegt að berjast við í því fjárafoki sem á sér stað þessar vikurnar.

En hvað ætlum við að gera?

Við stöndum berskjölduð frammi fyrir alþjóð-

Hálfmakin en þó með þá óbilandi trú að okkar trausta bakland og skynsemi fólks sjái hvað það er sem raunverulega skiptir samfélagið máli.

Við erum eins og sagt er, með fáa menn og engin vopn, en einmitt á slíkum stundum afhjúpast úr hverju maður er gerður og þá skiptir liðsheildin öllu máli.

## Framtíðin

Framsókn mun halda áfram að setja fjölskylduna í forgang, bæta lífsgæði okkar allra og hugsa um heildina og sérstaklega velferð þeirra sem minnst mega sín og þurfa á mestri hjálp að halda. Það er okkar leiðarljós. Allt annað kemur samhliða þeim vexti.



Góðar og skilvirkar samgöngur eru nauðsynlegar og skipta okkur miklu máli og okkur Mosfellinga sérstaklega, við þurfum einfaldar og skjótar aðgerðir sem eru vel framkvæmanlegar og fyrir því munum við berjast.

Við viljum frelsi í fæðingarorlofi, að fjölskyldur hafi val um það

hvernig þær ráðstafa sínum rétti og afnema allar eyrnamerkingar á þeim ráðahag, að auki viljum við hækka launin og lengja samverutímann upp í 20 mánuði.

Þetta er vel gerlegt og við sem þjóð höfum efni á því að stórbæta kerfið því ávinningurinn er ekki alltaf mældur í krónum og aurum heldur því sem mikilvægast er, andleg heilsa og öryggi barnanna okkar.

Forvarnir skipta að sama skapi gríðarlega miklu máli, að andleg og líkamleg heilsa sé á oddinum í okkar daglega lífi, hvort sem er í skólakerfinu, heilbrigðiskerfinu, á vinnumarkaðinum eða í félags- og tómstundastarfi, að styrkja kerfisbundið okkar heilbrigði og fylgja því eftir um aldur og ævi er besta fjárfesting sem við gerum, ekki bara fyrir okkur sjálf heldur fyrir allt samfélagið.

Við þurfum lægri skatta, aukna verðmætasköpun svo við höfum efni á þessu öllu saman og það er vel gerlegt og við treystum okkur best í það verkefni. Það bíða okkar verk eins og virkjanir, samgöngubætur, styrking löggæslu og það sem brýnast er, að bæta vinnuumhverfi kennaranna okkar og allra þeirra sem eru að hugsa um börnin okkar. Við getum þetta saman!

Ég segi meiri samvinna, meiri umhyggja,  
meiri Framsókn.

Vala Garðarsdóttir  
Mosfellingur og fornleifafræðingur  
Skiptar 3. sæti Framsóknar í Suðvesturkjördæmi.

Mosfellsbær kynnir

# Skipulagslýsing Farsældartúns



Mosfellsbær kynnir skipulagsferli fyrir umbreytingu Skálatúns í Farsældartún.

Skipulagi svæðisins er ætlað að styðja við farsæld barna og á svæðinu sem mun hýsa aðila er veita börnum, ungmönnum og fjölskyldum þeirra fjölbreytta þjónustu.

Gögn eru aðgengileg á [mos.is](http://mos.is) og [skipulagsgatt.is](http://skipulagsgatt.is).

Umsögnum skal skila með rafrænum hætti í gáttina.

Umsagnafrestur er til og með 10. janúar 2025.

Mosfellsbær

[www.mos.is](http://www.mos.is)



# IcePort

Icelandic Trade Partner

Afsláttarkóði: mosó  
20% af öllu!



Sena  
Snjallhjálmar



Þráðlaus  
heyrnartól



Glovii hitafatnaður



## Skoðaðu úrvalið á [iceport.is](http://iceport.is)



Frí heimsending á öllum  
pöntunum yfir kr. 10.000.-



**B. Markan ehf.**  
**Pípulagnir**

660 6690

www.bmarkan.is



www.bilhusid.is

Véla- og hjólastillingar.  
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,  
smurbjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smiðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540



**HJÁLMAR GUÐMUNDSSON**  
**LÖGGILDUR HÚSASMÍÐAMEISTARI**  
S: 6959922  
FHSVERK@GMAIL.COM



**SteinTeppi.is**

Leirvogstunga 27, 270 Mosfellsbæ, sími: 864 6600

*Gölfefna lausnir  
fyrir heimili  
og fyrirtæki*



S: 660 0770 - www.aftak.is

**FÓTAÐGERÐASTOFA  
MOSFELLSBÆJAR**

*Þverholti 3 - Sími: 566-6612*



## Nýtt upphaf með Samfylkingunni

Við kjósum til Alþingis á laugardaginn 30. nóvember. Kosningar, sem boðað var til þegar stjórnarflokkarnir þrjú sprungu endanlega á limminu eftir sjö ár af brokkgöngu samstarfi.

Á laugardaginn gefst kjósendum langþráð tækifæri til að stokka upp í stjórnálmunum. Það skiptir máli fyrir framtíð Íslands að nýta það vel.

Undir forystu Krístrúnar Frostadóttur hefur Samfylkingin kynnt þrjú veigamikil útspil í kosningabaráttunni. Þar eru stefnumál og markmið sem við höfum sett okkur í þétta samráði við fólk í landinu.

Við lofum ekki töfralausnum og erum alveg hreinskilin með að við þurfum tvö kjörtímabil til að marka Íslandi nýja og betri framtíð. Þá framtíð þarf að marka í ríkisstjórn sem Samfylkingin leiðir.

### Örugg skref

Samfylkingin ætlar að setja heilbrigðisþjónustu og málefni aldraðra í hæsta forgang með því að taka örugg skref að betra og öruggara aðgengi að heilbrigðiskerfinu og vinna upp halann sem myndast hefur í uppbyggingu hjúkrunarrýma. Það hefur reynst kostnaðarsöm vanræksla.

Hver einasti íbúi hér á landi þarf að fá fastan heimilislækni. Það eitt eykur öryggi og lækkar kostnað í heilbrigðiskerfinu. Nú hefur aðeins helmingur landsmanna aðgang að föstum heimilislækni. Þetta viljum við laga á tveim kjörtímabilum.

### Krafa um árangur

Samfylkingin gerir kröfu um árangur í samgöngu- og atvinnumálum. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um innviðskuldina sem bíður okkar í samgöngum um allt land.



Mesta fjólskyldugun í Evrópu og rúmlega tvær milljónir ferðamanna á ári hafa reynt á samgöngukerfið svo um munar. Fjárfesting í samgöngum þarf að hækka um helming og nema 1% af vergr landsframleiðslu.

Við viljum líka ljúka uppbyggingu betri almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu. Þó fyrr hefði verið.



### Umbætur á húsnæðismarkaði

Samfylkingin vill ráðast í bráða- aðgerðir svo að stærri hluti íbúðarhúsnæðis nýtist sem heimili fólks fremur en fjárfestingarvara hinna efnameiri.

Við viljum ná stjórn á Airbnb, herða eftirlit og takmarka heimagistingu við lögheimili eða sumarbústað. En 90

daga reglan verður að sjálfstöðu áfram í gildi. Við leggjum til að glistarfémi í atvinnuskyni verði aðeins í samþykktu atvinnuhúsnæði en ekki íbúðarhúsnæði, óháð því hvenær rekstrarleyfi var gefið út.

Samfylkingin stendur með ungu fólki og vinnandi fjölskyldum og auðveldar þeim að koma sér þaki yfir höfuðið.

Til grundvallar allri okkar pólitík liggur jafnaðarstefnan og hugsjónir hennar um algild mannréttindi og frelsi einstaklingsins í samfélagi þar sem öll njóta velferðar og öryggis án tillits til stöðu. Í samfélagi þar sem atvinnugreinar blómstra í heilbrigðri samkeppni og gætt er að fjölbreyttri nýsköpun og framþróun okkur öllum til heilla.

Kjósum Samfylkinguna fyrir nýtt upphaf á Íslandi.

*Þórunn Sveinbjarnardóttir og Alma D. Möller eru í framboði fyrir Samfylkinguna í Suðvesturkjördæmi í alþingiskosningunum 30. nóvember.*

## Miðflokkurinn – fyrir framtíðina

Landsmenn eru orðnir þreyttir á stöðunni í íslenskum stjórnálmum. Það er vegna þess að stjórnálmflokkar gleyma oftast að hlutverk þeirra er að þjóna samfélaginu og gæta hagsmuna allra landsmanna.

Stjórnálmur eiga ekki að snúast um hagsmuni eða pólitík flokka, heldur um velferð þjóðarinnar á grunni skýrrar hugmyndafræði. Þess vegna viljum við Miðflokksmenn breyta stöðunni í efnahags-, útlendinga- og orkumálum en einnig í húsnæðismálum þar sem ráðist verði á rót vandans. Það þarf að rjúfa áratuga kyrrstöðu í nauðsynlegri uppbyggingu samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu í stað þess að festa okkur í víta-hring óraunhæfra og kostnaðarsamra hugmynda borgarlínunnar. Hugum að nokkrum þáttum:

### 1. Setjum þjóðina framur flokkspólitík

Miðflokkurinn vill endurskoða hvernig við hugsum um stjórnálm. Við stöndum fyrir innihald umfram umbúðir og viljum hætta að fylgja úreltri hugmyndafræði prinsiplausra stjórnálmá. Þess í stað viljum við leggja áherslu á lausn aðkallandi verkefna á grundvelli þess hvað sé skynsamlegt að gera. Við viljum flokk sem forgangsraðar í þágu fólksins og grunnkerfa samfélagsins.

### 2. Heildstæð nálgun á efnahagsmál og atvinnulíf

Miðflokkurinn vill tryggja að skattpeningar fari í það sem skiptir okkur raunverulega máli – heilbrigðisþjónustu, menntun og velferð. Til þess er nauðsynlegt að draga úr óþarfa útgjöldum og stöðva viðvarandi halla á ríkissjóði undanfarinna ára. Um leið viljum við Miðflokksmenn efla nýsköpun og styrkja sjálfstæði atvinnulífsins enda verður engin velferð án verðmætasköpunar.

### 3. Ábyrg innflytjendastefna sem tekur mið af íslenskum veruleika

Miðflokkurinn telur að innflytjendastefna eigi ekki að byggjast á skyndiákvörðunum undir



pólitískum þrýstingi. Þvert á móti á hún að vera ábyrg, mannúðleg og í samræmi við það sem íslenskt samfélag getur staðið undir.

Nauðsynlegt er að endurskoða lög um hælisleitendur, þá þannig að þau taki mið af getu samfélagsins til að taka á móti hælisleitendum í stað óstjórnar síðustu ára. Um leið þarf að vera til kerfi sem tryggi að nýir íbúar landsins fari eftir lögum og virði okkar samfélag. Þar með verðum við betur í stakk búin til að bæta þjónustu og stuðning við þá sem þurfa mest á hjálp að halda.

### 4. Velferð sem stuðlar að jafnrétti fyrir alla

Velferðarkerfið okkar þarf að vera öryggisnet fyrir alla, ekki aðeins þá í neyð. Miðflokkurinn vill bæta þjónustu fyrir aldraða, þá sem hafa sérstakar þarfir og fjölskyldur. Við viljum samfélag þar sem allir hafa aðgang að heilbrigðisþjónustu, menntun og öryggi, samfélag þar sem börn geta alist upp í umhverfi sem styður við velferð þeirra.

### 5. Sjálfbær framtíð og raunhæf

Miðflokkurinn styður umhverfisvernd byggða á vísindum og heilbrigðri skynsemi og nýjustu tækni. Við teljum mikilvægt að nýta umhverfisvæna innlenda orku til að auka lífskjör á Íslandi. Við getum aukið orkuframleiðslu, bætt flutningskerfið og nýtt virkjanir og orkukosti betur til að bæta kjör landsmanna.

### Miðflokkurinn – flokkurinn fyrir framtíðina

Ég býð mig fram fyrir Miðflokkinn til að byggja samfélag sem við getum öll verið stolt af.

Ef þú vilt sjá breytingar og tryggja að Ísland verði fyrir okkur öll, þá er Miðflokkurinn rétta valið fyrir þig. Við getum gert betur og við eigum að krefjast þess að stjórnálm snúist um hagsmuni þjóðarinnar. Við eigum það öll skilið.

*Lóa Jóhannsdóttir.  
Höfundur er Mosfellingur og í 6. sæti á lista  
Miðflokksins í Suðvesturkjördæmi.*





# Fisk ~ búðin Mos

Háholti 13-15 • Sími 578 6699

## ÖLL ALMENN MÚRVINNA

- Múr- og sprunguviðgerðir •
- Steypuslípun •
- Inndælingar •
- Filtering/Pússun •
- Flotun •
- Hleðslur •
- Flísalagnir •

ÞJÓNUSTUM EINSTAKLINGA,  
HÚSFÉLÖG OG FYRIRTÆKI



☎ 781 7777

husrad@husradverktakar.is

## DESEMBER 2024

MÁN VARMÁBÓL	ÞRI LÁGÓ & HELGÓ	MID VARMÁ & LÁGÓ	FIM HELGÓBÓL	FÖS ÖLL BÓL
2 SKREYTUM JÓLATRÉÐ	3 KÓSÝKVÖLD	4 PINGPONG KVÖLD ARA	5 JÓLAMÝND	LÁGÓ 6 BINGÓ !!
9 SKREYTUM PIPARKÖKUR	10 SKREYTUM PIPARKÖKUR	11 JÓLAMÝND!	12 SPIL & KAKÓ	VARMÁ 13 JÓLA KVISS
16 JÓLAKORTA FÖNDURKVÖLD	17 GRINCH KVÖLD ÖGLU	18 INNPÖKKUNAR KVÖLD	19 Jólaböll skólanna	20 JÓLAFRÍ
23 JÓLAFRÍ	 24 GLEDILEG JÓL!!	25 JÓLAFRÍ	26 JÓLAFRÍ	27 JÓLAFRÍ
30 JÓLAFRÍ	31 GLEDILEGT NÝTT ÁR			

OPIÐ ÖLL KVÖLD FRÁ 19:30- 21:45  
FYRIR 8. - 10. BEKK

 [instagram.com/bolid270](https://www.instagram.com/bolid270)

**BÓLID**

## HEILSUMOLAR GAUA



### FJÖLBREYTIKINN

Ég og einn góður erum á þeirri gefandi vegferð að prófa allar íþróttir sem stundaðir eru skipulega í Mosfellsbæ. Við verðum í þessu eitthvað fram yfir áramót. Það eru nefnilega svo margar íþróttir sem hægt er að stunda í Mosó. Og það bætist í flóruna. Mér finnst þetta frábært. Sumir finna sig best í hópíþróttum, aðrir í einstaklingsíþróttum. Sumir vilja hefðbundnar íþróttir, aðrir íþróttir sem eru meira á jaðrinum. Sumir vilja æfa inni, aðrir úti í náttúrunni. Og svo framvegis. Það sem hentar einum, hentar ekki endilega öðrum.

Út frá lýðheilsusjónarmiði er best þegar börn og unglingar eru hvött og fá tækifæri til þess að prófa allar mögulegar og ómögulegar íþróttir. Þá eru mestar líkur á að þau finni þá hreyfingu sem þeim finnst skemmtilegust og eru líklegust til að stunda reglulega. Það sama gildir um okkur sem eru fullorðin.

Það er ómögulegt að vita hvort maður hefur gaman af íþrótt án þess að prófa hana. Og það er aldrei of seint að mæta á æfingu. Ég er 55 ára, minnir mig, ég þæli eiginlega aldrei í því hvað ég er gamall, og ein af ástæðunum fyrir því að við Hilmar lögðum af stað í að prófa allar íþróttir í bænum var að sýna í verki að það er aldrei of seint að prófa eitthvað nýtt. Það er í langflestum, ef ekki öllum, íþróttum hægt að finna leið til þess að æfa á þeim forsendum sem henta manni best.

Fjölbreytileikinn er líka bestur út frá afrekssjónarmiði. Þeir sem æfa fleiri en eina íþrótt langt fram á unglingsárin verða betri alhliða íþróttamenn og eru líklegri til þess að ná lengra í þeirri íþrótt sem þeir síðan velja. Hvað svo næst? Hver veit? Ringó með eldri borgurum, útreiðar með hestamannafélaginu Herði eða blak í Aftureldingu? Fylgist með á Instagramsíðu Mosfellings, Íþróttamósó!



Guðjón Svansson  
gudjon@kettlebells.is

## Hvað vantar í aðstöðuna við Varmá?

Hér í bæ er áberandi hve margvísleg tækifæri eru til þess að rækta líkamann (og hugann þar með).

Það á við alla aldersflokka og ekki hvað síst við 60+ aldersflokkinn og til dæmis starf FAMOS og Gaman saman. Enn fremur alls konar tilboð og atburði sem felast í stefnumiði bæjarins og kjarnast í hugtakinu heilsueflandi samfélag.

Góð lýðheilsa er ótrúlega mikilvæg. Áhrif hennar á efnahag fólks og sveitarfélagsins eru mikil og líka á líðan hvers og eins og á andann í Mosfellsbæ.



Eftir því sem greina má er fyrirhugað að stækka húsnæði íþróttaklasans við Varmárlaug á næstunni. Leitað er eftir hugmyndum um starfsemi sem þar gæti farið fram og áhugasömum aðilum sem gætu sinnt henni.

Hvað sem komið hefur fram í þeim efnum er eitt ljóst í mínum huga: Sá þáttur heilsueflandi starfsemi sem ber einna mestan árangur er líkamsrækt með tækjum, lóðum og liðkandi æfingum. Slík aðstaða var í klasanum en var lokað. Samfélagið stækkar og hópurinn 60+ enn

hraðar en áður.

Ég tala fyrir munn margra þegar ég skora á sveitarstjórn að fella inn í komandi framkvæmdir góðan líkamsræktarsal með viðveru a.m.k. eins starfsmanns sem er vel sjóaður í því sem þar fer fram, hvort sem reksturinn er boðinn út eða ekki.

Þar með væri stöðin enn sterkari undir heilsueflandi samfélaginu sem allir eru sammála um að sé af hinu góða. Fleiri mættu láta í sér heyra varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir.

Ari Trausti Guðmundsson

**Jólamarkaður**  
**ASGARÐS**

Handverk,  
Kaffihlaðborð,  
Alvöru heitt  
Siikkuláði og  
Jólastermning

7. Des  
kl. 12-17

ÁLAFOSSVEGUR 14-22

Vegna mikillar sölu leitum við að **öllum gerðum eigna** í þínu hverfi. Hafðu samband.

Ef þú ert í söluhugleiðingum hafðu samband við **Jón Rafn** í síma 695 5520 eða með tölvupósti [jon@miklaborg.is](mailto:jon@miklaborg.is) eða við **Óskar** í síma 691 2312 eða með tölvupósti [osa@miklaborg.is](mailto:osa@miklaborg.is)

Bókið skoðun og fáðu **frítt** verðmat

Jón & Óskar

Óskar S. Axelsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 691 2312  
[osa@miklaborg.is](mailto:osa@miklaborg.is)

Jón Rafn Valdimarsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 695 5520  
[jon@miklaborg.is](mailto:jon@miklaborg.is)



**MIKLABORG**

Með þér  
alla leið

569 7000 | Lág múla 4 | [miklaborg.is](http://miklaborg.is)  
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Stöðuuppfærslur  
in your  
face 

 **Bjarki Már Sverrisson**  
1994-2024:  
Afturelding.

Eftir 30 ára starf í uppeldisfélaginu mínu, er kominn tími fyrir eitthvað nýtt. Fengið að þjálfra á annað þúsund leikmenn og eignast ótrúlega marga vini á þessu ferðalagi. Ég hef fengið að sinna starfi yfirþjálfara í 17 ár og stýra fótboltaskóla félagsins í yfir 20 ár. Hef fengið að starfa samhliða yngri flokkabjálfa með báðum meistaraflokkum á þessum tíma líka. Ótrúlega þakklátur fyrir magnaðan tíma og ótrúlega margar minningar sem gleymast aldrei. Nú færi ég krafta mína yfir í Úlfarsárdalinn til Fram. Þakklátur hve mér er vel tekið þar og því spennandi tímar framundan. Efst er þakklæti fyrir traustið að fá að starfa í skemmtilegasta starfi í heimi.

6. nóv

 **Elisabet Jónsdóttir**  
Já, hann er ekki af baki dottinn sá gamli og alls ekki hættur :) Glænýr MAN vörubíll og enn og einu sinni segjum við, síðasti nýi bíllinn :) Við erum stolt af duglega þabba okkar!

21. nóv

 **Eyjólfur Jónsson**  
Ég átti áhugavert flug til Köben í gærmorgun. Átti bókað með Icelandair kl. 10:35 en vaknaði á klóid um kl. 04:00 - kikti af rælni á símann og sá þá að fluginu hafði verið aflýst og ég fékk nýtt á laugardagsmorgun. Það var ónothæft í þessa ferð svo ég fletti upp á Play og sat á nærunum og bókaði flug með þeim kl. 04:15. Flugið áætlað 06:15. Ég var mættur í KEF 0515 og allt small í mark. Minnsti fyrirvari á flug í minni bók, hingað til :)

5. okt

**RÖSK**  
@instaprent sem staðsett er á @mosotorg.is hefur tekið við vörum og hönnun frá RÖSK - ekki hika við að hafa samband ef þig langar að gefa einstaka jólagjöf :)

25. nóv


facebook

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ



ÖRYGGISGIRÐINGAR - VERKTAKA - JARÐVEGSSKRÚFUR  
BUGÐUFLJÓT 15J - 270 MOSFELLSBÆR  
SÍMI 546-6667 - GIRDIR@GIRDIR.IS  
WWW.GIRDIR.IS



**GARÐMENN**

...gerum garðinn frægan!

Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.

Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.

Sími 893 5788

**GLERTÆKNI ehf**

Völuteigi 21

- gler í alla glugga -

S. 566-8888 • WWW.GLERTAENI.IS

**OPNUNARTÍMI  
SUNDLAUGA**

Lágafellslaug

Virkir dagar: 6:30 - 22:00

Helgar: 08:00 - 19:00

Varmárlaug

Virkir dagar: 6:30-08:00 og 15:00-21:30

Laugard. kl. 08:00 -17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00



**MALBIKSTÖÐIN**



Þú finnur öll blöðin á netinu

**WWW.MOSFELLINGUR.IS**



**LJÁRDALUR**

WWW.LJARDALUR.IS

SMÁGRÖFUR OG VINNUVÉLAR Á FRÁBÆRU VERÐI

**MG LÖGMENN**

Öll almenn  
lögfræðiþjónusta

Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is

Tek að mér  
alla krana- og  
krabbavinnu

Útvega allt  
jarðefni

**VÖRUBÍLL P.B.**

Klapparhlíð 10

Porsteinn 822-7142



**BRA**  
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR  
AÐDUNS

Frí Tjónaskoðun

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Auðbrekku 27. Kópavogi

www.bilasprautun.is

554 2510

SIÓVA

TM

VÍR

VÖRÐUR

f



**Útfararstofa Íslands**

www.utfarin.is • Mosfellsbæ



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason  
S: 793 4455

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



**Ökukennsla Lárusar**

Gsm 7775200 akamos@simnet.is

Vespu-, bifhjóla- og bilpróf

Annast akstursmat og sé um hæfnispróf fyrir þá sem hafa gleymt að endurnýja.

**VGH Mosfellsbæ**

VERKTAKI SÍÐAN 1968

ÞAÐ SEM TIL ÞARF

896-9443 896-2279

## HEYST HEFUR...

...að bræðurnir Axel og Jökull Andrés-synir muni spila með Aftureldingu í Bestu deildinni eftir tíu ár erlendis í atvinnumennsku.

...að Frans Wöhler og Sara Mjöll eigi von á barni.

...að leikskólinn Höfðaberg bætist í hóp þeirra sem fara í verkfall 10. desember verði ekki búið að semja við kennara.

...að Valgeir Árni og Birta eigi von á stelpu með vorinu.

...að Steindi og Auddi verði veislustjórar á Þorablóti Aftureldingar sem haldið verður 25. janúar og Stuðlabandið spilar en forsala hefst nú á föstudag.

...að Helga og Leibbi séu að selja Blómasmiðjuna.

...að mestan möguleika af þeim Mosfellinum sem eru í framboði í Kraganum fyrir alþingiskosningar virðist eiga Bryndís Haralds, Þórhildur Sunna og Valdimar Birgis.

...að jólamarkaður verði haldinn í Hlégarði laugardaginn 14. desember.

...að jólabingó fari fram í Bankanum fimmtudagskvöldið 5. desember.

...að strákarnir í Húbbabúbbu hafi tekið upp jólaglag með Karlakór Kjalnesinga.

...að Sveinbjörn í Silkiprent hyggist selja fyrirtækið eftir 53 ára rekstur.

...að Grétar á Blik haldi áfram að brillera á kokteilum um allan heim.

...að Ægir Lindal ætli að halda styrktarþókerfót þann 7. desember þar sem allur ágóði rennur til Barnaspítala Hringins.

... að kvennakórinn Stöllumar sé með jólatónleika í Bæjarleikhúsinu 3. og 4. desember.

...að mosfellsku jólaálfarnir Þorri og Þurra sjái um jóladagatal Ríkisútvarpsins í ár.

...að haldin verði kalkúnaveisla í Hlégarði í dag í tilefni Þakkar-gjörðarhátíðarinnar.

...að Steindi Jr. verði fertugur í byrjun desember.

...að fyrir dómstólum deili nú frændsystkini um 9 milljarða arf tengdan Sólvalalandi í Reykjahverfi.

...að margir Grafarvogsbúar vilji færa hverfið undir Mosfellsbæ sökum áforma um ofurþéttingu.

...að Katrín Jakobs sé tekin aftur við Bókmenntahlaðborðinu vinsæla í Bókafafninu sem fram fer í kvöld.

...að nýtt meðferðarheimili með fimm pláss sé að opna við Farsældartún á Skálatúni.

...að Ragnheiður Þorvalds sé tilnefnd sem félagi ársins hjá Landssambandi hestamannafélaga.

...að lögreglan hafi haft afskipti af eldri borgurum sem aðstoðuðu við útburð á Eldingu, tímariti knattspyrnudeildar.

mosfellingur@mosfellingur.is

## Nýir Mosfellingar



Bryndís Metta Óskarsdóttir er nýr Mosfellingur. Hún fæddist 13. ágúst á Akranesi, var 3.920 gr og 51 cm. Foreldrar eru Óskar Smári Haraldsson og Hugrún Þorsteinsdóttir, stóri bróðir er Atli Óskarsson.

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



Ýmir Þór kom í heiminn 11. ágúst klukkan 20:26. Hann vó 2.616 gr og var 48 cm. Foreldrar eru Alexander Geir Stefánsson og Guðný Dís Jónsdóttir. Systir hans heitir Apena Lea.

## Gefðu minningar í jólagjöf

Anna Kistlú

LJÓSMYNDUN  
7729200



Það er alltaf rétti tíminn til að taka myndir.  
[www.aksljosmyndun.com](http://www.aksljosmyndun.com)

## Í eldhúsinu

HJÁ KOLBRÚNU

### Steiktur fiskur í raspi

Kolbrún G. Þorsteinsdóttir deilir hér með okkur gamalli og góðri uppskrift að steiktum fiski í raspi sem henni finnst vera bestur og minnir í leiðinni á að versla í heimabyggð.

#### Innihaldsefni:

- 700 g ýsa (má líka vera þorskur)
- 1 egg, piskað
- 2 dl rasp
- smjör til steikingar
- sítrónupipar eftir smekk
- 1 laukur, skorinn í sneiðar
- Svo má líka kaupa fisk í raspi beint af Stjána í Fiskbúðinni Mos.

#### Aðferð:

1. Brjótið egg í skál og piskið.
2. Setjið rasp í aðra skál.



3. Veltið fiskbitunum upp úr piskaða eggjunu og síðan raspinu.
4. Hitið smjör á frekar heitri pönnu.
5. Steikið í 3-4 mínútur á hvorri hlið á góðum hita þar til raspið verður stökkt að utan.
6. Setjið síðan fiskinn á fat.
7. Bætið við góðri smjörklípu á pönnuna og steikið laukinn.
8. Setjið laukinn á fatið með fisknum.
9. Má líka setja laukinn í sér skál með bræddu smjöri. Það er sælgæti.

10. Má bera fram með kartöflum, fersku grænmeti, eins og agúrkusneidum og tómötum, kokteilsósu eða remúlaði.

Verði ykkur að góðu

Kolbrún skorar á Sigríði Dögg að deila með okkur næstu uppskrift í Mosfellingi

## LESTUR ER LYKILL

Frá því að ég flutti í Mosfellsbæ tíu ára gömul hefur bókafnið verið mitt annað heimili. Þar hef ég eytt heilu og hálfu dögnum og byrjaði þar að auki að vinna á því þegar ég varð eldri. Í bókafafninu er að finna hina ýmsu töfra, hvort sem það er ró og friður frá daglegu amstri eða ævintýrin sem leynast uppi í hillunum. Á þessum stað mætast ólíkir hópar á öllum aldri og tengjast í gegnum galdur bókmenntanna.

Lestur á það til að vera óttaleg einstaklingsþrótt og þess vegna er mikilvægt að mynda lestrarhópa og umhverfi þar sem fólk getur komið saman og rætt lesturinn. Undanfarnir ár hefur myndast samfélag bókaunnenda á samfélagsmiðlum á borð við TikTok og Instagram þar sem ungt fólk hvaðanæva að í heiminum ræðir bókmenntir og lestur. Það er hins vegar líka mikilvægt að skapa rými þar sem hægt er að mætast augliti til auglitis og tala um bækur.

Nýverið var stofnaður Bókaklúbbur ungmenna í Bókafafni Mosfellsbæjar en markmiðið með honum er að skapa afslappað og skemmtilegt lestrarumhverfi fyrir ungt fólk á aldrinum 14-20 ára. Í bókaklúbbnum verða umræðurnar afslappaðar, engin áhersla verður lögð á að læra sögurnar utan að heldur stýra meðlimirnir samtalinu í þá átt sem þeim þóknast.

Lestur er lykill að svo mörgu í lífinu og nauðsynlegt fyrir fólk að temja sér góðar lestarvenjur frá unga aldri, þannig haldast þær frekar til lengri tíma. Það verður líka að muna að lestur þýðir ekki bara að einhver setjist niður með 300 blaðsíðna skáldsögu og lesi hana spjaldanna á milli heldur getur hann líka falið í sér að hlusta á hljóðbækur, lesa rafbækur með sérstíllu lettri sem hentar hverjum lesanda, að lesa tímarit og greinar og svo mætti lengi telja.

Bókaklúbburinn er á Instagram undir nafninu @ungbokmos þar sem sýnt verður frá starfi klúbbsins, bókameðmæli verða birt og fylgjendur geta tekið þátt í valinu á þeim bókum sem verða lesnar. Ég hvet öll ungmenni til þess að kíkja á síðuna og fylgjast vel með en næsti hittingur bókaklúbbsins verður í janúar í Bókafafni Mosfellsbæjar.



ÁSTRÓS HIND



LJÚFFENGAR LAGKÖKUR FÁST  
Í MOSFELLSBAKARÍ

HÁHOLT 13-15

HÁALEITISBRAUT 58-60

MOSFELLSBAKARI.IS

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
www.gitarinn.is



Kassagítarar og  
hljómborð á tilboði



Mikið úrval  
Verð við allra hæfi

## SKEMMTANIR



### Hljómsveitin ÚLTRA

Hljómsveit: A. Kröyer/dúett

Tek að mér að spila í einka-  
samkvæmum, brúðkaupum,  
árshátíðum, afmælum og fl.

Er með hljómborð sem virkar  
eins og hljómsveit.

Get líka verið með fjöldsöng  
og nota þá kassagítar.

Eins er ég með dinnertónlist.

Söngkona Ann Andreasen.

Verð við allra hæfi.

Anton - antonben@simnet.is  
gitarinn@gitarinn.is

Símar: 895 9376 - 552 2125

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ



ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ



Urðarholt 4 Mosfellsbær

Sími 578 5080

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~



Flugumýri 2 - Sími 566-6216



Fótaaðgerðastofa

Þverholti 11  
s: 566-6307



www.likamiogsal.is

Mundu eftir fallegu gjafakortunum okkar  
Gjöf sem gleður alla



## BYGGJUM Á GRÆNUM LAUSNUM

TIMBURGRINDARHÚS

KROSSLÍMDAR EININGAR

SVALALOKANIR

GLUGGAR OG HURÐIR



EININGAR EHF

WWW.EININGAR.IS

Sími: 565 1560 einingar@einingar.is

# BílaGlerið

Framrúður & ísetningar  
Sími 587-6510

Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla

Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is

WWW.MOSFELLINGUR.IS  
WWW.MOSFELLINGUR.IS  
WWW.MOSFELLINGUR.IS



# VILTU SELJA?

588 55 30  
WWW.BERG.IS



## Bílapartar ehf

Notaðir **TOYOTA** varahlutir

Sími: 587 7659

Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ  
www.bilapartar.is

## Öll almenn vörubíla- og kranþjónusta

- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Sláttuþjónusta og fl.

**BJ VERK** ehf.  
Björn s: 892-3042




# MALBIKSTÖÐIN

## GÓÐIR MENN EHF

Rafverktakar  
GSM: 820-5900

- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á rafloögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir

Löggiltur rafverktaki



www.arioddsson.is



**ARI ODDSSON EHF**  
BYGGINGAVERKTAKI

MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA  
FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is  
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070



**NÆSTI  
MOSFELLINGUR  
KEMUR ÚT  
19. DES.**

Bláðinu er dreift fritt  
í öll hús í Mosfellsbæ.

Skilafrestur efnis/auðgýsinga er til  
hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.

mosfellingur@mosfellingur.is

# SPURNING TIL BÆJARBÚA

Hver er skýrnasta jólagjöf sem þú hefur fengið?



**AGLA:** Brjóstahaldari frá 95 ára ömmu minni.



**HJÓRTUR:** Heimagerð sápa.




**KRISTÍN ERLA OG HELGA:** Steinn og dauður gullfiskur.



**LENA:** Banani og jógúrt.



**SÖLVI:** Bolli.



**ELÍSA:** Barnanáttföt þegar ég var 19 ára.

## Fylgdu okkur á Instagram...



## HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Hitað upp fyrir KALEO tónleikar



Mætt í afmæliseislu




Gaggó á minningarkvöldi



Lagt af stað til Lissabon



Diego á vinkonukvöldi



Túfált skál



Rolli og Gísli í höllinni



**ALBERT SIGURÐUR HEIMISSON**  
VALINN BÆJARRÓNI ÁRSINS



Birgir



Baldur

## Minnum ykkur á að bóka jólatímamann

Sprey.is - þar getur þú bókað tíma eða skellt þér á biðlista bæði á Sprey Hárstofu í Mosfellsbæ eða Garðatorgi.

Úrval af fallegum gjafavörum og hægt að kaupa gjafabréf.



Hárstofan  
**Sprey**

Hægt er að panta tíma á Sprey.is eða í síma 5176677

Eva Dögg Davíðsdóttir,  
alþingismaður, 2. sæti

Guðmundur Ingi Guðbrandsson,  
alþingismaður, 1. sæti

Paola Cardenas,  
doktor í sálfræði, 3. sæti



VERUM  
VINSTRAN  
MEGIN

- Húsnæði fyrir fólk en ekki fjárfesta
- Sérstakar vaxtabætur til að mæta aukinni vaxtabyrði heimila
- Metum störf kennara að verðleikum og aukum stuðning í skólum
- Innflytjendum tryggt íslenskunám þeim **að kostnaðarlausu**
- Leiðréttum launamun kynjanna og tryggjum frelsi frá ofbeldi
- Losum minna, bindum meira og **fjármögnum loftslagsaðgerðir**
- Komum á neti þjóðgarða og **friðlýstra víðerna**
- Lögfestum leikskólastigið og **fullfjármögnum háskólana**
- **Aukum aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu**



Meira á [vg.is](http://vg.is)



ALLT

F A S T E I G N A S A L A

[www.allt.is](http://www.allt.is) • [allt@allt.is](mailto:allt@allt.is) • 560-5505  
Þverholt 2 • Mosfellsbær



## FJÁRFEST Í FORVÖRNUM

Mosfellsbær hefur ákveðið að veita rúmum 100 milljónum í forvarnarstarf og aðgerðir fyrir börn og ungmenni á næsta ári. Ákvörðunin kemur í kjölfar mikillar umræðu í samfélaginu í tengslum við aukið ofbeldi meðal ungmenna, hnífaburð og fleira. Á myndinni eru Inga Guðný, Hólmfríður, Baldur og Ársól úr Ungmennaráði Mosfellsbæjar þegar aðgerðir voru kynntar.

Mynd: Hilmar

Sæktu  
Landsbanka-  
appið



App Store Google Play

2025

Dagbækur og vasadagbækur  
Margar gerðir



Nafnagyllingar á frábæru verði!



MÚLALUNDUR  
Við Reykjaland, Mosfellsbæ  
www.mulalundur.is

MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM



**Pétur Pétursson**  
löggiltur  
fasteignasali  
897-0047



**Brynjólfur Jónsson**  
löggiltur  
fasteignasali  
898-9791

Þjónusta við  
Mosfellinga í 35 ár

Háholt 14, 2. hæð

**588 55 30**



### Klapparhlíð 9



Mjög falleg 87 fm íbúð við Klapparhlíð. Tvö rúmgóð svefnherbergi. Svalir í suðvestur. Góðar innréttingar. Nýlegt baðherbergi. Góð aðkoma að húsi og bílastæði.

Verð: 70,5 m.

### Blesabakki 3



Vel staðsett 55,3 fm hesthús við Blesabakka 3 í Mosfellsbæ. Hesthúsið er í neðstu götu hesthúsaþverfisins. Gott aðgengi og óspilt náttúra umhverfis. Sér gerði. Mikið búið að endurnýja. Nýtt rafmagn og veggir uppsteyptir.

Verð: 22,8 m.

### Skipholt 7



Vel staðsett atvinnu- og verslunarhúsnæði við Skipholt. 200 fm. Góð aðkoma, næg bílastæði. Húsnæðið er á jarðhæð.

Verð: 188 m.

### Stórikriki 2



Falleg íbúð. 117 fm á flottum stað með ca. 20 fm bílastæði í bílahúsi. Allar innréttingar úr eik og eikarparket. 3 góð svefnherbergi. Flott eldhús og útgengt á verönd í suður úr stofu.

Verð: 84 m.